

---

# Fornleifar á Breiðinni á Akranesi



---

Adolf Friðriksson

Reykjavík 2024

FS998-24221

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS



*Forsíðumynd:*

Breiðin, vorið 2024. Myndin er tekin við mynni Lambhúsasunds. Horft til suðurs, yfir Víkur. Er líklegt að bæjarstæði Efra og Neðra Vítis hafi staðið við ströndina, en þau eru nú horfin.

©Fornleifastofnun Íslands 2024

Bræðraborgarstíg 9

101 Reykjavík

Sími: 551 1033

Netfang: [fsi@ornleif.is](mailto:fsi@ornleif.is)

Heimasíða: [www.fornleif.is](http://www.fornleif.is)

Rit þetta má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.


## Samantekt

- Fornleifar voru skráðar á Breiðarsvæði sumarið 2024
- Svæðið nær til jarðanna Heimaskaga, Sýruparts, Bræðraparts, Breiðar og Lambhúsa
- Fyrir lá vitneskja um 57 minjar
- Skráðar voru alls 197 minjar
- Minjar eru um landbúnað, útgerð, hersetu og uppruna sjávarþorpsins
- Athugun á afdrifum fornleifa leiddi í ljós að allnokkrir staðir hafa eyðst við landbrot eða vegna framkvæmda
- Aðrar minjar eru raskaðar en að hluta varðveittar undir yfirborði
- Breiðin geymir einstakt menningarlandslag sem myndi sóma sér vel í hópi þeirra verndarsvæða í byggð sem valin hafa verið í öðrum þéttbýlisstöðum.
- Minjar svæðisins gefa möguleika á fjölbreyttu samspili við ný áform um uppbyggingu, útivist og mannlíf á Breið í komandi framtíð

Efnisorð: Breiðin – Akranes – fornleifar – búsetuminjar – útvegsminjar – herminjar

## Efnisyfirlit

|                                          |    |
|------------------------------------------|----|
| <i>SAMANTEKT</i> .....                   | 3  |
| <i>INNGANGUR</i> .....                   | 5  |
| <i>FYRRI ATHUGANIR</i> .....             | 6  |
| <i>STJÓRNSÝSLA OG MINJAR</i> .....       | 7  |
| <i>NÍÐURSKAGINN OG SAGAN</i> .....       | 8  |
| <i>FORNLEIFAR Á SKIPULAGSSVÆÐI</i> ..... | 14 |
| <i>NÍÐURSTÖÐUR</i> .....                 | 31 |
| <i>FORNLEIFASKRÁ</i> .....               | 36 |
| <i>HEIMILDIR</i> .....                   | 53 |
| Óprentaðar heimildir: .....              | 53 |
| Prentaðar heimildir: .....               | 53 |
| <i>VIÐAUKI</i> .....                     | 56 |



Mynd 1. Loftmynd af Akranesi. Græna línan sýnir mörk Breiðarsvæðis (myndgrunnur: Loftmyndir ehf © 2019).

## Inngangur

Vorið 2024 óskaði Breið þróunarfélag og Akraneskaupstaður eftir úttekt á fornleifum vegna fyrirhugaðrar vinnu við deiliskipulag á Breiðinni og nærliggjandi svæðum á Akranesi.

Fornleifastofnun Íslands ses tók að sér verkið og var það unnið sumarið 2024. Höfundur skýrslunnar annaðist heimildaúttekt, vettvangsrannsókn og skýrslugerð.

Við rannsóknir var stuðst við margvíslegar heimildir sem varpa ljósi á fyrri byggð og þróun hennar. Í þessari skýrslu verður gerð grein fyrir fyrri athugunum á svæðinu og sögulegu samhengi þess. Þá verður fjallað um þær minjar sem upplýsingar hafa fundist um og lagt mat á möguleg afdrif minjastaðanna, gildi þeirra og hlutverk með hliðsjón af áformum um breytta landnýtingu. Í viðauka er greint frá jarðtæknirannsóknum á svæðinu.

Starfsmönnum Héraðsskjalasafns Akraness, Þjóðskjalasafns, handritadeildar Landsbókasafns, Landmælinga Íslands og skjalasafns Skipulagsstofnunar er þökkuð góð liðveisla.

## Fyrri athuganir

Fyrirhugaður skipulagsreitur er um 18 ha að stærð og nær til alls undirlendis á Niðurskaganum sunnan og vestan Bakkatúns, Bárugötu og Hafnarbrautar. Allt það svæði tilheyrði áður gömlu Heimaskagajörðinni sem skiptist síðar upp í smærri býli og lóðir.

Við athuganir á minjum og afdrifum þeirra hefur verið stuðst við margvíslegar frumheimildir, s.s. skjöl, örnefnaskrár, uppdrætti og loftljósmyndir. Auk þeirra liggja fyrir ýmsar sögulegar athuganir sem hafa reynst mjög gagnlegar. Ber þar helst að nefna m.a. rannsóknir Ólafs B. Ólafssonar, Jóns Böðvarssonar og Gunnlaugs Haraldssonar, auk húsarannsóknna Þorsteins Jónssonar og Guðmundar L. Hafsteinssonar. Hvað fornleifar varðar, þá vann Ragnar Edvardsson hjá Fornleifastofnun Íslands aðalskráningu fornleifa í landi Akraneskaupstaðar fyrir Heimaskagalandið í nóvember 1999<sup>1</sup>. Var skráningin ein sú fyrsta sem gerð var í þéttbýli, í anda nýrrar löggjafar um lögbundna skráningu fornleifa vegna aðalskipulagsvinnu. Hafa aðferðir við skráningu, einkum í þéttbýli, sem og löggjöfin breyst talsvert síðan 1999. Áður lögðu stjórnvöld m.a. áherslu á að skrá ætti minjar sem sæjust á yfirborði, en ekki þá mörgu staði sem ritheimildir gefa vísbendingar um, en sést ekki lengur til. Síðustu árin hafa þessi viðmið breyst og eru nú skráðar allar þekktar minjar, enda hefur sú skráningaraðferð þann kost að safnað er upplýsingum um minjastaði sem kunna að hafa horfið sjónum, en gætu verið leifar af undir sverði. Er það í betra samræmi við tilgang laga um fornleifavernd að halda slíkum upplýsingum til haga, en jafnframt kostur fyrir framkvæmdaaðila að lenda síður í töfum vegna óvæntra fornleifafunda við upphaf framkvæmda. Árið 2016 var unnin deiliskráning í tilefni af fyrirhuguðu deiliskipulagi á u.þ.b. 2 ha athafnasvæði við Steinsvör<sup>2</sup>. Aðalskráningin 1999 hafði leitt í ljós 299 staði í kaupstaðarlandinu öllu og þar af var helmingur í fyrrum landi Garða. Áður en hafist var handa við skráningu minja á Breiðarsvæði 2024, var kunnugt um 54 minjastaði þar, en við nýskráningu má segja að fjöldi minja hafi margfaldast. Ástæðan fyrir þeirri fjölgun er annarsvegar nýjar rannsóknaraðferðir og hinsvegar hrein viðbót minja frá upphafsskeiði þéttbýlismyndunar 1899-1924. Hið síðarnefnda er tilkomið vegna hinnar almennu reglu um að til fornleifa teljist hverskyns minjastaðir sem teljast eldri en 100 ára.

---

<sup>1</sup> Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson (1999). *Akranes. Fornleifaskrá*. Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands, s. 39-41.

<sup>2</sup> Adolf Friðriksson og Gylfi B. Helgason (2016). *Deiliskráning fornleifa á Sýruparti á Akranesi*. FS623-16231, Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.

## Stjórnsýsla og minjar

Fornleifar njóta lagalegrar verndar og hefur svo verið frá öndverðri 20. öld. Þrátt fyrir friðunarákvæði í lögum var eftirlit með framkvæmda laganna takmarkað fram til loka aldarinnar og leiddi það til stórkostlegrar minjaeyðingar, ýmist vegna framkvæmda eða af völdum náttúrunnar. Á síðustu áratugum hefur verið leitast við að bæta stjórnun þessa málaflokks, m.a. með markvissri þekkingarleit sem jafnan er kölluð fornleifaskráning, og er hún oft undanfari skipulagsgerðar, umhverfismats eða stórframkvæmda.

Á undanförunum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað [...]“. Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölpætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

a. búsetulandslag, skruðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bæn húsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum, b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri, c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita, d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra, e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum, f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð, g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum, h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið, i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er að friðlýsa yngri minjar. Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Friðhelgað svæði umhverfis fornminjar skal vera 15 metrar nema annað sé ákveðið í samvinnu við Minjastofnun Íslands, og 100 m umhverfis allar friðlýstar fornleifar. Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.

Í þéttbýli hér á landi hefur orðið talsvert rask á minjum og svo á við um Akranes. Athugun á minjum í þéttbýli snýst þ.a.l. að verulegu leyti að því að komast að afdrifum þeirra og hvort enn leynist minjar undir yngra raski. Færst hefur í vöxt að leita leiða til að fella saman minjar eða menningarlandslag frá fyrri tíð að nýframkvæmdum og auka þannig sérstöðu tiltekinna staða eða svæða. Breiðarreitur, með sína löngu sögu búsetu og útgerðar, gæti hæglega orðið vettvangur fyrir þessháttar samhæfingu ólíkra umhverfisþátta við útfærslu nýrrar landnotkunar. Er það í anda þessarar verndarstefnu sem Minjastofnun hefur t.a.m. beint þeim tilmælum til bæjaryfirvalda að forðast frekara rask vð Steinsvör<sup>3</sup>. Er það eina tilfellið um sérstök tilmæli varðandi friðum fornleifa á svæðinu, en þar fyrir utan njóta standandi mannvirki þar, þ.e. hús Thors Jensen, og Vaskhúsið, auk vitans á Suðurflös húsafriðunar.

## Niðurskaginn og sagan

Sögu Akraness hefur verið gerð góð skil í vönduðum sagnfræðiritum<sup>4</sup>. Hér verður látið nægja að stikla á stóru um þá framvindu sem minjar á svæðinu eru sprotnar úr, í því skyni að meta menningarsöguleg verðmæti í ljósi sögulegs samhengis þeirra.

Allt það land sem nú heyrir undir Akraneskaupstað – fyrir utan litla ræmu úr landi Kross að austan – hefur upphaflega tilheyrt landi Garða. Í Landnámabók er sagt frá landnámi bræðranna Þormóðs og Ketils Bresasona á Akranesi og féll nyrðri hlutinn, frá Reyni til Urriðaár, í hlut Ketils. Ekki er sagt frá því hvar Ketill bjó en um Jörund son hans er sagt að hann hafi búið í Jörundarholti “þat er nú kallat í Görðum.” ... Garðar voru höfuðból á 12. öld og ættarsetur Garðamanna, höfðingja sem höfðu mannaforráð um sunnanverðan Borgarfjörð og voru löngum

---

<sup>3</sup> Bréf MSÍ til Akranesskaupstaðar, dags. 17.8.2016.

<sup>4</sup> Ólafur B. Björnsson, *Saga Akraness I-II*, Akranes, 1957-1959; Jón Böðvarsson, *Akranes. Frá landnámi til 1885*, Akranes, 1992; Gunnlaugur Haraldsson, *Saga Akraness I-II*, Akranesi, 2011.

bandamenn Sturlunga. Mögulega hafa landnámuhöfundar talið að Garðar hlytu að hafa verið landnámsbærinn á þessu svæði af því að þar var höfuðból á þeirra eigin tímum. Það er hinsvegar ekki hægt að útiloka að önnur bæjarstæði gætu verið eldri, t.a.m. Heimaskagi.

Þó að Garðar séu ekki landmikil jörð þá er hún með stærstu jörðum á Akranesi og hinir auðugu og valdamiklu eigendur hennar á 12. og 13. öld hafa tryggt aðgang að nauðsynlegum landgæðum annarsstaðar. Í máldaga Garðakirkju frá 13. öld er sérstaklega tekið fram að Skagi fylgi ekki Garðalandi (DI I, 418) og er einlægast að skilja það svo að Skagi hafi upphaflega tilheyrð Garðalandi en hafi á 13. öld verið orðin sérstök jörð. Ekki er ósennilegt að Skagi og Garðar hafi þá enn verið í eigu sömu fjölskyldu og því tekið fram að sá helmingur jarðarinnar sem gefinn var kirkjunni væri Garðaland fyrir utan Skaga. Fyrir utan máldaga Garðakirkju, sem er til í nokkrum afritum með viðbótum og innskotum frá 14., 15. og 16. öld, eru nær engar heimildir um byggð eða eignarhald á jörðunum Görðum eða Skaga frá miðöldum. Þrátt fyrir heimildaskort er ekki að efa að byggð hefur verið stöðug og sennilega þétt á Skaganum og í kringum Garða allan þennan tíma. Í fornsögum er á nokkrum stöðum getið um mjölverslun á Akranesi: í Fóstbræðrasögu segir frá því að Jöður bóndi í Skálabrekku fór út til Akraness til mjölkaupa. Árið 1236 er Sturla Sighvatsson hafði tekið undir sig Reykholt er sagt frá aðdráttum hans: “Var flutt úr Engey bæði mjöl og skreið, en sumt keypt á Akranesi.”<sup>5</sup> Á seinni hluta 13. aldar var heimamaður Vigfúsar Gunnsteinssonar á Sauðafelli í Dölum sendur suður á Akranes eftir mjölum sem Vigfús átti<sup>6</sup>. Vel er hugsanlegt að Akranes hafi – eins og nafnið bendir til – verið helsta akuryrkjuhérað landsins og að þar hafi fram á seinni hluta miðalda mátt kaupa mjöl. Hitt gæti einnig hugsast að auk hins heimaræktaða korns hafi verið verslun á Akranesi með innflutt korn. Fyrir utan kornræktina hefur sennilega alltaf verið mikil útgerð frá Skaganum. Fyrir utan möguleg skreiðarkaup Sturlu Sighvatssonar á Akranesi á 13. öld er elsta beina heimildin um umfangsmikla útgerð þar frá 1428. Í Nýja annál segir: “Skipatjón víða af miklum sjóargang; braut átján skip á Akranesi”<sup>7</sup>.

Ögmundur Pálsson biskup í Skálholti (d. 1539) mun hafa átt Skaga, því á 17. öld var til “Gjafabréf biskups Ögmundar, er hann gaf Skaga”<sup>8</sup>. 17. júlí 1570 gaf Þórólfur Eyjólfsson Þorvarði syni sínum Skaga, 50 hundruð að dýrleika, til kaups við Vilborgu Gísladóttur biskups Jónssonar<sup>9</sup>. Þórólfur þessi var sonur Ásdísar, systur Ögmundar biskups, og er sennilegt að biskup hafi gefið systur sinni jörðina og sonur hennar erft hana síðan. Skagi var á 17. öld og

---

<sup>55</sup> Sturl, 383.

<sup>6</sup> Bsk I, 608.

<sup>7</sup> Annálar 1400-1800, I. b., s. 25

<sup>8</sup> Bréfabók Brynjólfs Sveinssonar.

<sup>9</sup> DI XV, 422-23.

síðar talin 60 hundraða jörð og má vera að þegar um 1570 hafi hún verið byrjuð að skiptast upp og að þá hafi 10 hundruð verið komin í hendur annara. Ólafur B. Björnsson hefur stungið upp á því að það hafi verið Breið sem var fyrsta afbýlið sem skiptist burt, en Miðteigur kæmi einnig til greina eða að það hafi ekki verið neitt ákveðið býli heldur aðeins hlutfall af jörðinni. Um miðja 17. öld hafði Skagi skipst upp enn frekar og átti Skálholtsstóll þá hálfa jörðina, en Brynjólfur Sveinsson biskup hafði þar mikil umsvif í útgerð. Umboðsmaður hans var Magnús sonur Þorvarðs áður nefnds en afkomendur hans áttu lengi vel hluta í Skaganum. Þó að jörðin Skagi hafi skipst upp í nokkra hluta á 17. öld þarf það ekki að þýða að þar hafi orðið aukning á byggð. Vel er hugsanlegt að auk Skaga (Heimaskaga) hafi lengi verið afbýli á stöðum eins og Breið, Lambhúsum, Teigum, Sýrupörtum og Bræðraparti, og að sami eigandi hafi verið að þeim öllum fram á 17. öld. Skipting jarðarinnar virðist þó standa í sambandi við aukin umsvif á Skaganum og má vera að flest afbýlanna hafi ekki verið gömul þegar skjalaheimildir koma til sögunnar um miðja 17. öld. Vitað er að Ívarshús var nýbýli stofnað af Brynjólfi biskupi laust fyrir 1650 þar sem áður hafði verið stekkur frá Heimaskaga.



Mynd 2. Á þessum upprætti frá 1802 eru merktir flestir bæir og býli sem stóðu á Breiðinni um aldamótin 1800.

Elstu bréfabækur biskups munu glataðar, en þær sem varðveist hafa gefa vísbendingar um sögusviðið á útgerðarárum hans á Akranesi. Í bréfabókunum frá 1652 til 1675 er m.a. getið um áðurnefnd eignaskipti á hlut biskups í Heimaskaga,<sup>10</sup> eign hans Ívarshús<sup>11</sup> og aðra staði, jarðir og parta sem hann eignaðist og sýslaði með, s.s. Teigapart<sup>12</sup>, Lambhús<sup>13</sup> og Breið<sup>14</sup>. Að frátöldum bæjarnöfnunum eru upplýsingar um staðfræði þessa svæðis mjög takmarkaðar, en allir þessir staðir eru kunnir af því að þar eru lendingar ágætar. Lendinga á þessu svæði er ekki getið í bréfabókum biskups, að frátöldum uppsátrum á Sandinum við Heimaskaga<sup>15</sup>. Hinar ágætu lendingar við Krossvík, þ.e. Steinsvör og Skarfavör eru ekki nefndar og máske voru þau heiti ekki til á 17. öld eða jafnvel óhægt að lenda þar bátum miðað við aðra lendingarkosti. Í Biskupasögum Jóns Halldórssonar segir að biskup hafi látið byggja stórt og sterkt krosshús í Skipaskaga<sup>16</sup>. Krosshús er orð sem notað hefur verið bæði um kirkjur og veraldleg hús og vísar til byggingarlögunar<sup>17</sup>. Nánari þekking um þetta merka hús gæti hjálpað til við að endurskapa sögusvið útgerðarmála biskups á Akranesi, staðsetja söguminjar og stuðla að verndun á þeim. Á jarðabók Árna og Páls sést einnig að mikil aukning hafði verið í tómthúsa- og verbúðabyggð á Skaganum á seinni hluta 17. aldar. Af 22 tómthúsum sem talin eru í jarðabókinni 1706 sem sérstakar byggingar eru 16 sögð vera nýleg og flest þeirra talin byggð eftir 1680. Af 23 verbúðum eru 10 sagðar nýlegar. Að vísu voru einnig tómthús og verbúðir sem greinilega voru mjög gamlar og grónar og 4 tómthús voru farin í eyði og 4 verbúðir. Að einhverju leyti virðast nýbyggingarnar því vera endurnýjanir á nýjum hússtæðum. Svo virðist sem húsastæði yst á Skaganum hafi verið á fallanda fæti og má vera að þar hafi verið um að kenna landbroti en hlutfallslega mest af hinum nýju húsum var ofan við Heimaskaga.

Frá því um miðja 17. öld og fram yfir miðja þá 19. voru yfirleitt 7-9 eigendur að Skipaskaga og voru eignarhlutarnir tengdir ákveðnum býlum. Um 1680 voru býlin þessi: Ívarshús, Miðteigur/Teigaskarð, Heimaskagi, Breið, Sandgerði og Lambhús. Í byrjun 17. aldar höfðu Efri og Neðri Sýrupartur og Bræðrapartur bæst við milli Heimaskaga og Breiðar og Sandgerði skipst í tvö býli: Sandgerði/Neðravíti og Tobbabæ/Tjarnarkot/Efravíti. Auk þeirra voru á svipuðum slóðum nokkrar verbúðir en öll þessi húsastæði voru yfirgefin á 18. öld, mögulega vegna landbrots. 1703 var Háteigur/Teigakot einnig orðið til, sennilega skipt úr landi Miðteigs.

<sup>10</sup> , Lbs 1077 4to, s. 91-93, 197-200 og 229-230. Einnig: Lbs 1080 4to, s. 569- 571, s. 1081 4to, s.67-70.

<sup>11</sup> Lbs 1078 4to, s. 653-657, 844-846.

<sup>12</sup> Lbs 1080 4to, s. 475-477.

<sup>13</sup> Lbs 1082 4to, s. .419-422.

<sup>14</sup> Lbs 1083 4to, s. 264-266, Lbs 1084 4to, s. 229-232.

<sup>15</sup> Lbs 1088 4to, s. 202-204.

<sup>16</sup> *Biskupasögur Jóns Halldórssonar* I, s 289.

<sup>17</sup> Sbr. Bréfaskipti höfundar við Hjörleif Stefánsson arkitekt, dags. 2.-3.11, 2016.

Fyrir utan Sandgerðin sem fóru í eyði á 18. öld virðist hafa verið nokkur festa í byggðinni á Skaganum fram undir miðja 19. öld. Þar voru um 8 býli og rúmlega 20 tómthús og annað eins af verbúðum sem búið var í um vertíðir. Það er ekki fyrr en um 1840 að farið var að stofna ný býli í landi Skagans. Þá voru stofnuð býlin Geirmundarbær, Nýlenda og Melshús, Grund, Bakki og Nýibær og Brekkubær handan merkjanna í landi Garða. Eftir þetta smáfjölgæði býlum á Skaganum og síðustu 20 ár 19. aldar var mikill vöxtur í byggðinni þannig að um 1900 voru þar komin um 90 býli ef með eru talin þau sem stóðu yst í landi Garða. Í Krossvík var verslun, og löggildur verslunarstaður í Lambhúsasundi 1863<sup>18</sup>. Í gegnum tíðina voru flest húbýli á Akranesi torfbærir, en fyrsta timburhúsið var byggt á Miðteigi 1871 og fleiri risu í kjölfarið<sup>19</sup>. Var það afleiðing betri afkomu og vaxandi íbúafjölgunar, sem aftur endurspeglast í skiptingu hreppsins í Ytri- og Innri-Akraneshrepp 1885. Skömmu síðar, eða 1891 hófust áætlunarferðir um Faxaflóa. Þá var og settur upp vísir að vita, er ljóskeri var komið upp á Teigi fyrir sjófarendur, efst í túni Heimaskaga. Þegar hér var komið sögu hafði Heimaskagi breyst úr

útgerðarjörð með verstöð í kaupstað, þar sem stór hluti bæjarbúa vann launavinnu og stundaði ekki annan landbúnað en garðrækt þó lengi eimdi raunar eftir af húsdýrahaldi í bænum.



Mynd 3. Byggðamynstur um 1900.

<sup>18</sup> Páll Línal, s. 43.


<sup>19</sup> sama heimild, s. 299.

Við aldamótin 1900 urðu stórstígar breytingar á atvinnuháttum sem aftur mótuðu svip þess menningarlandslags á Niðurskaganum sem enn blasir við að mestu. Torfbærir viku fyrir reisulegum timburhúsum og síðar steinhúsum. Útgerðarfyrirtæki risu þar sem áður stóðu sveitabærir og hafnarmannvirki tóku við af náttúrulegum lendingum og uppsátrum. Tún urðu að stórum hluta kartöflugarðar og íbúum svæðisins fjölgaði hratt fram yfir miðja 20. öld.

Breiðarsvæðið varð til skamms tíma hluti af söguviði hernámsins á Íslandi á styrjaldarárunum. Þar reis braggahverfi ásamt öðrum mannvirkjum strax í upphafi hernáms Breta á Íslandi. Dvöldu breskir hermenn á Breiðinni aðeins hluta úr ári og minjar þar um hafa að mestu vikið fyrir vaxandi íbúabyggð og atvinnustarfsemi. Timburhúsaþorpið á Niðurskaganum stóð í blóma 1871-1932. Á síðustu áratugum hafa mörg húsanna sem þá risu verið rifin eða flutt, og náttúrulegt landslag horfið að hluta, þar sem sjóvarnargarðar hafa verið reistir.

Hér hefur sagan verið rakin í stórum dráttum eftir rituðum heimildum og örnefnum, en einn er sá flokkur heimilda sem ekki nýtist enn sem komið er: jarðfundnar fornleifar. Ef frá eru taldar fáeinar beinaleifar hafa engir forngrípir fundist á öllu svæðinu svo kunnugt sé. Þrátt fyrir miklar breytingar, þá er kjarni Breiðarsvæðisins í raun enn óbyggður ef svo má segja. Stór hluti minja hefur horfið við jarðrask, en eflaust leynast enn minjar frá öllum tímum byggðar á svæðinu enn undir sverði. Verði ráðist í stórfelldar byggingarframkvæmdir á næstu árum er

líklegt að minjar og gripir eða aðrar mannvistarleifar finnist, og að þær geti varpað nýju ljósi á einstaka þætti eða sögulega þróun á Skaga.



Mynd 4. Akranes 1908. (Uppdráttur danska Herforingjaráðsins). Breiðin (nr. 1), Heimaskagi (5), Lambhús (8)

## Fornleifar á skipulagssvæði

Reiturinn er um 18, hektarar að stærð. Hann liggur neðast á skaganum, þ.e. suðvestan Bakkatúns að Vesturgötu, og þaðan niður Bárugötu að Hafnarbraut og áfram til austurs að Akraneshöfn.

Forn landamerki milli Heimaskaga og Garða voru u.þ.b. þar em gatan Merkigerði liggur. Hefur land Heimaskaga því verið rúmlega 40ha og eflaust enn stærra því landbrot hefur verið töluvert meðfram allri ströndinni, þ.e. Krossvíkurmegin, Víkur og Lambhúsasund. Skipulagsreiturinn er því tæpur helmingur jarðarinnar og þar sem þéttasta byggðin var, a.m.k. frá 17. öld og síðar. Hvað land Heimaskaga varðar mætti vænta flestra minja á Breiðarsvæðinu sem enda nær til jarðnæðis Sýruparts, Bræðraparts, Breiðar, Sandgerðis, Lambhúsa og að hluta Miðteigs og Háteigs auk Heimaskaga.

Upphafssaga byggðar á reitnum er óþekkt. Einu þekktu fornleifafundir úr jörðu á þessum slóðum eru rostungsbein sem komið hafa upp við jarðrask vegna framkvæmda (Bo-063:124). Þar á meðal er rostungstönn sem talin er hafa verið tálguð, og er þ.a.l. forngripur, en ekki náttúruminjar. Erfitt hefur reynst að henda reiður á þessum beinafundum, staðsetningu þeirra og afdrifum gripanna þrátt fyrir talsverða leit. Virðist þetta merka bein hafa fundist nærri bæjarstæði Heimaskaga.<sup>20</sup>

Um upphaf byggðar á niðurskaganum eru engar heimildir, hvorki fornleifarfundir né ritheimildir. Verður nú þekktum minjum og afdrifum þeirra á reitnum lýst. Hefst lýsingin í túni Heimaskaga og farið réttisælis um Breiðarsvæðið til norðausturs, að Sandvík við Lambhúsasund. Númer hvers staðar er að finna í Fornleifaskrá í viðauka, og er getið hér í textanum innan sviga til hægðarauka.

Túni Heimaskaga hallar niður að sjó. Skaginn er talsvert flatur eins og kunnugt er og landið „næstum rennislétt og hallalaust“ eins og Kristleifur Þorsteinsson lýsti því á sinni tíð<sup>21</sup>. Í bréfabók biskups er gjörningsbréf frá 1669 þar sem nefnt er Krosshús og það sagt standa á Brunnhól<sup>22</sup> en ekki er ljóst hvar hóll þessi hefur verið. Við örnefnaskráningu á Akranesi um

---


<sup>20</sup> Bréfaskipti höfundar við Ævar Pedersen, Inga Steinar Gunnlaugsson, Jón Allanson og Sturlaug Haraldsson. Sjá einnig „Rostungsbein „telgd af mannahöndum“ finnast undir meðalfjörumáli á Akranesi“, *Þjóðviljinn*, 31.8.1949.

<sup>21</sup> Kristleifur Þorsteinsson. *Úr byggðum Borgarfjarðar* II, Reykjavík 1948, s. 245.

<sup>22</sup> Lbs 1088 4to, s. 202-204.

miðja síðustu öld reyndist Brunnhóll meðal örnefna „sem ókleift er að staðsetja.“<sup>23</sup> Ef við skoðum fyrsta uppdrátt af Akranesi sem sýnir hæðarlínur, þ.e.a.s. kort Herforingjaráðsins 1908, þá blasir við að eina mishæðin á niðurskaganum sem þar er sýnd er breiður hóll sem kallast Teigur<sup>24</sup> og Teigabæir og vörin þar neðan við eru nefnd eftir. Má vel vera að Brunnhóll sé eldra nafn á Teigi. Hóllinn er nú í daglegu tali kallaður Akurshóll. Við rætur hans, neðst í brekkunni við sjávarklettana, stóð bærinn Heimaskagi (Bo-063:001). Fram til 1944 stóð bærinn uppi á Heimaskagaklettum. Þar var byggt íshúsið Ásmundur h/f og síðar frystihúsið Heimaskagi (1945). Bærinn stóð þar sem nú er suðausturendi frystihússins. Ekki er kunnugt um hvort þau bæjarhús sem þar voru reist 1875, það er steinbær (rifinn 1905) og timburhús 1905 (rifið 1944)<sup>25</sup> hafi staðið á eldra bæjarstæði Skaga<sup>26</sup>. Vegna landbrots og ágangs sjávar má vel vera að bærinn hafi verið fluttur, líkt og svo víða hefur gerst á gömlu bæjarstæðunum við strendur Akraness. Ekki er hægt að útiloka að eldra bæjarstæði Heimaskaga leynist innan skipulagsreitsins, en líklegra er að landbrot hafi grandað elstu minjum um búsetuna. Á uppdrætti frá 1901<sup>27</sup> birtist svipur búskaparins, og lokaskeið útihúsa (Bo-063:096, 100, 101,

102) í kringum bæinn, ásamt garðlögum (098), kálgörðum (099) og brunni (097).



Mynd 5. Uppdráttur 1908 er felldur yfir loftmynd frá 2019 (Loftmyndir ehf) og sýnir legu túna frá Teigi/Akurshól niður að Heimaskaga (neðst t.h.). Skráðar fornleifar eru merktar með rauðu.

<sup>23</sup> Örnefnaskrá Akranes, Örnefnastofnun, ópr., s. 10.

<sup>24</sup> Sbr. Ásmundur Ólafsson, Örnefni við Akranes. *Árbók Akurnesinga* 2006, s. 162.

<sup>25</sup> Þorsteinn Jónsson, Þættir úr sögu Akraness. Heimildasöfnun til sögu Akraness, 2. þáttur. Húsaheiti á Akranesi - fyrri hluti. *Umbrot*, 5.tbl. 1978, nr. 22.

<sup>26</sup> ÓBB, Hversu Akranes byggðist, Akranes IV. ár, 7. tbl. s. 79 og 8.tbl., s. 90; Ólafur B. Björnsson: Saga Akraness I, 80, 84.; loftljósmynd frá 1938.

<sup>27</sup> Uppdráttur Knud Zimsen og Ólafs Jónssonar 1901.

Það má vera að svipað hafi verið umhorfs á fyrri öldum, en örðugt er að staðsetja þau mannvirki sem ritheimildir ná til. Í bréfabókum biskups eru nefndar Naustabúðir<sup>28</sup> (Bo-063:005), salthús<sup>29</sup> (Bo-063:129) og Krosshús (Bo-069:010)<sup>30</sup> á Brunnhól.

Ekki er hægt að fullyrða hvar Brunnhóll var né hvar Krosshús Brynjólfs stóð<sup>31</sup>, en í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín er þessa húss getið og sagt að það hafi verið enn í notkun, þá sem verbúð, árið 1706<sup>32</sup>. Á uppdrætti frá 1802 eru Krosshús merkt niður við sjó, skammt vestan við Heimaskaga. Löngu síðar, þ.e.a.s. 1883, er byggt hús og einnig kallað Krosshús (Bo-069:011). Þar var Edinborgarverslun til 1910, en húsið rífið 1915 og reist þar íshús (Bo-069:012)<sup>33</sup>. Þar sem íshúsið stóð er nú autt plan.

Ljóst er af heimildum að þyrping verbúða hefur staðið nærri bænum í Heimaskaga (Bo-063:002, 004, 006)<sup>34</sup> og nafngreind hús sem gætu hafa verið fyrir vergögn eða búsetu, s.s. Bakrangur (003), Réttahús (005)<sup>35</sup>, Péturshús (080)<sup>36</sup> og Þilbúð (111)<sup>37</sup>.

Vestan við Heimaskaga var Miðteigur. Bærinn stóð upp við götuna Háteig og því utan reits, en túnið náði suður að sjónum, samsíða heimatúni Heimaskaga. Þar stóðu einnig allnokkrar verbúðir, Naustabúð (Bo-069:005), Grímsbúð (Bo-069:006), ónefnt tómthús (Bo-069:007), Draghálsbúð (Bo-069:008), og Eyjólfsbúð (Bo-069:009), en staðsetning óljós.<sup>38</sup>

Hjá Krosshúsum og Heimaskaga voru til skamms tíma fiskreitir (Bo-063:113, Bo-069:013)<sup>39</sup>. Eftir að saltfiskur hafði verið saltaður í stæður var hann vaskaður og þurrkaður á fiskreitum. Sú aðferð varð æ umsvifameiri uns frysting á fiski hófst um miðja 20. öld. Krosshús og Heimaskagi stóðu við litla vík, sem talin var einn besti lendingarstaðurinn á Akranesi og kölluð Heimaskagasandur, en í seinni tíð stundum kennd við vestustu vörina, Steinsvör.

---

<sup>28</sup> Í bréfabók Brynjólfs biskups Sveinssonar 1657-1658. Lbs 1080 4to, s 475-477.

<sup>29</sup> Bréfabók Brynjólfs Sveinssonar 1658-1660, Lbs 1081 4to, s.67-70.

<sup>30</sup> Lbs 1088 4to, s. 202-204.

<sup>31</sup> JÁM IV, 104; ÓBB Akranes, V. árg., 9-10. tbl., s. 97; Þorsteinn Jónsson: "Þættir úr sögu Akraness. Húsheiti á Akranesi fyrri hluti" 2 þáttur; Johnsen, 109.

<sup>32</sup> Jarðabók IV, 104.

<sup>33</sup> JÁM IV, 104; ÓBB Akranes, V. árg., 9-10. tbl., s. 97; Þorsteinn Jónsson: "Þættir úr sögu Akraness. Húsheiti á Akranesi fyrri hluti" 2 þáttur.

<sup>34</sup> JÁM IV, 92-93.

<sup>35</sup> Ö-Akranes, 4.

<sup>36</sup> jarðaskiptabréf frá 18.6.1697 pr í Ólafur B. Björnsson: Saga Akraness I, 36.

<sup>37</sup> ÓBB 1946, Akranes, V. árg., 7-8. tbl, s. 79.

<sup>38</sup> JÁM IV, 104-105.

<sup>39</sup> ÓBB 1945, Akranes, 4. árg, 3-4. tbl., s. 35.

Vert er að staldra við Heimaskagasand og nágrenni, enda kjarninn í útgerð á Skaga fyrr og nú, auk þess sem stjórnvöld minjavörslunnar hafa nýlega beint þeim tilmælum til bæjaryfirvalda að vernda svonefnda Steinsvör sem merkan sögustað.

Eftir Hallgrím Jónsson hreppstjóra liggur sérlega greinargóð lýsing frá 1884 á leiðum og lendingum við Akranes: „Heimaskagasandur er mörgum kunnur og öllum auðsær og allgóð lending; vestanverðu við hann er Steinsvör, þrautalending, nema um háfjöru“<sup>40</sup>. Hallgrímur í Guðrúnarkoti (Miðteigi) þekkti vel til, enda hafði hann sjálfur lendingaraðstöðu í Guðrúnarkotsvör á Heimaskagasandi. Tíu árum eftir skrif hans ræddu Akurnesingar um að fá landssjóðsstyrk til að gera við Steinsvör, og ljóst að hún hefur sama orðspor og fyrr: „þrautalending“<sup>41</sup>. Reyndar fór það svo að bryggja var reist (1908) en fljótlega (1915) voru aðstæður þar taldar ófullnægjandi, enda „mjög þröngt, klettótt og hættulegt í sunnanveðrum“ og „oft ófært til lendingar“<sup>42</sup>.

Til er lýsing ábúanda, skráð af Árna Magnússyni 1706, en þar kemur fram að lending við Heimaskaga „bregst nær aldrei“.<sup>43</sup> Í jarðaskiptabréfi frá 1697 er Steinsvör ekki nefnd, en þar er lýsing á Heimaskagasandi og röð lendinga fyrir bæina í kring, frá austri til vesturs, og skipauppsátur fyrir Efri-Sýrupart tilgreint sem vestasti hluti hans<sup>44</sup>. Af þessu má álykta að aðalheiti lendinga þar hafi verið Heimaskagasandur. Ásmundur Ólafsson hefur komist að sömu niðurstöðu í athugunum sínum á örnefnum varðandi hafnir og lendingar. Hann lýsir Heimaskagavör, Miðteigsvör, Háteigsvör (Réttarhúsavör) og Steinsvör lýst í sömu röð, og telur þá fyrstnefndu vera vera hina elstu<sup>45</sup>.

Síðari heimildir og aðrar frásagnir eru misvísandi um hvort bryggjurnar hafi verið reistar í Steinsvör<sup>46</sup> eða Háteigsvör (Réttarhúsavör)<sup>47</sup>. Hvað sem öllum þessum nafngiftum líður þá er ljóst af bestu og elstu heimildinni sem völ er á að samheitið yfir lendingarnar í sandinum við Heimaskaga var á öld Brynjólfs biskups einfaldlega Heimaskagasandur: „...Þórði Jónssyni tilheyrir sá austasti afmarkaði partur í Heimaskagasandi, en Hákonni miðparturinn, og tveggja

---

<sup>40</sup> Hallgrímur Jónsson hreppstjóri, Leiðbeining um sjóleiðir og lendingar, *Ísafold*, 19.11.1884, s. 183-4. (hér s. 183).

<sup>41</sup> *Fjallkonan*, 11. árg, 22.maí 1894, s. 83.

<sup>42</sup> Bætur á lendingum á Akranesi, ópr. 1915. Þjóðskjalasafn Ísl. (Stjórnarráð Íslands - II. skrifstofa 0000-11 B-B 155-12).

<sup>43</sup> JÁM IV, s. 92.

<sup>44</sup> Jarðaskiptabréf frá 18.6.1697 pr í Ólafur B. Björnsson: *Saga Akraness* I, 36.

<sup>45</sup> Ásmundur Ólafsson, Heilu skipi siglt í höfn. *Árbók Akurnesinga* 2012, s. 32.

<sup>46</sup> Sbr. t.d. *Fjallkonan*, 21. árg, 17.5.1904, s. 79; Ólafur B. Björnsson, *Saga Akraness* II, 1959, s. 67-69; Guðjón Friðriksson, *Hér heilsast skipin*, II. bindi, 2013, Akranes, Uppheimar, s. 197.

<sup>47</sup> Ö-Akranes, 4; Ásmundur Ólafsson, Örnefni við Akranes. *Árbók Akurnesinga* 2006, s. 157-176; GH, *Saga Akraness* I, s. 91-92.

skipa uppsátur við Péturshús, en Magnúsi Sigurðssyni vestasti parturinn.”<sup>48</sup> Þar voru m.ö.o. lendingar fyrir bæina í grennd, Heimaskagavör (Bo-063:105), Miðteigsvör (Bo-063:106), Háteigsvör (Réttarhúsavör)(Bo-063:107) og Steinsvör(Bo-063:108)<sup>49</sup>. Utan við Heimaskaga og upp af Steinsvör stóðu býlin Efri- (Bo-064:001) og Mið-Sýrupartur (Bo-065:005)<sup>50</sup> og mynduðu litla þyrpingu ásamt Sjóbúð (Bo-063:025) og Réttarhúsum, með útihúsum (Bo-064:008), túnnum og kálgörðum í kring (Bo-064:009)<sup>51</sup>. Þar stóðu einnig búðir á öndverðri 18. öld, Bræðrabúð (Bo-064:002), ónefnt tómthús (Bo-064:003), Pálsbúð (Bo-064:004), Norðurbúð (Bo-064:005), Brinkahús (Bo-064:006), Kallakindarhús (Bo-064:007)<sup>52</sup>. Á þessu svæði risu fiskvinnsluhús HB. Neðri-Sýrupartur (Bo-065:001) var syðstur í þyrpingunni. Réttarhús var reist 1877 og rífið 1895, og Sjóbúð var reist 1875 en rífin 1948.<sup>53</sup> Thor Jensen reisti hús 1895 (Bo-063:103) það sem enn stendur í norðausturhorni skipulagsreits og nýtur friðunar<sup>54</sup>. Norðvestan við það var gerður stór fiskreitur (Bo-063:109)<sup>55</sup>. Nærri þessum húsastæðum reisti HB vaskhús (1916) sem enn stendur á Gelluklettum, eða „á Eyrinni“ eins og heimamenn kalla það þótt eyrin sé ekki stór nú. Þaðan lá gatan Hvalvegur til norðvesturs, u.þ.b. þar sem nú er Bárugata. Norðan við vaskhúsið var Eyrarplanið, að hluta á uppfyllingu, og var steinsteypt og loks byggt yfir það hús sem enn stendur. Eru þessi mannvirki nú öll sambyggð, þ.e. hús Jensens, vaskhús HB og seinni byggingar<sup>56</sup>. Niður undan fiskhúsinu reisti Jensen einnig trébryggju 1895 (Bo-063:104). Timbrið úr henni var selt um aldamótin 1900 og bryggjan færð á Bakkasand í Lambhúsasundi. Á svipuðum stað og bryggja Jensens stóð var gerð bryggja á steinsteyptum stöplum 1908<sup>57</sup>. Leifar af sökkli stöplanna sjást enn (sbr mynd 2). Milli þeirra var lögð voldug, steinsteypt frárennislögn fyrir mörgum áratugum síðan og er hún enn í notkun.

<sup>48</sup> Jarðaskiptabréf frá 18.6.1697 pr. í Ólafur B. Björnsson, *Saga Akraness* I, s. 36.

<sup>49</sup> JÁM IV, s. 92; Ásmundur Ólafsson, Heilu skipi siglt í höfn. *Árbók Akurnesinga* 2012, s. 32.

<sup>50</sup> Uppdráttur Knud Zimsen og Ólafs Jónssonar 1901; ÓBB, Hversu Akranes byggðist, Akranes IV ár, 8. tbl. s. 90-91 og 9-10. tbl s. 105-107; Ólafur B. Björnsson: *Saga Akraness* I, 98, 113.

<sup>51</sup> Uppdráttur Knud Zimsen og Ólafs Jónssonar 1901; Ólafur B. Björnsson: *Saga Akraness* I, 113.

<sup>52</sup> JÁM IV, 93-94; ÓBB 1946, Akranes, V. árg., 7-8 tbl, s. 79.

<sup>53</sup> Þorsteinn Jónsson, sama heimild, nr. 12.

<sup>54</sup> Thor Jensen. *Minningar* I, Reykjavík 1954, s. 206.

<sup>55</sup> ÓBB 1945, Akranes, 4. árg, 3-4. tbl., s. 35.

<sup>56</sup> Guðmundur L. Hafsteinsson, Perla Faxaflóa. Bæja- og húsakönnun á Skipaskaga, 2009, s. 23.

<sup>57</sup> Um þessa bryggjusögu sjá m.a. Ólafur B. Björnsson, *Saga Akraness* II, 1959, Akraness, s. 67-69; GH, *Saga Akraness* I, s. 91-92; Guðjón Friðriksson, *Hér heilsast skipin*, II. bindi, 2013, Akranes, Uppheimar, s. 185ff.



Mynd 6. Loftmynd frá 1954. Lengst til hægri er Heimaskagasandur og sjást þar bátskeljar efst í sandinum. Bryggjustólparnir ganga út í sjó í miðri vík. (LMÍ 02-0698).

Í deilum á Alþingi um tillögu að löggildingu Krossvíkur sem verslunarstað á Akranesi 1855 virðist vísað í Steinsvör sem samheiti, en þingmenn lýsa hafnar- og landingarskilyrðum á Akranesi á mjög mismunandi vegu, allt eftir því hvort þeir voru fylgjandi eða andvígir tillögunni<sup>58</sup>. Sennilegt er að nafnbreyting festist ekki í sessi fyrr en eftir 1895 og það sé einfaldlega afleiðing af bryggjusmíðinni þar: Thor Jensen reisir bryggju, og vegna staðsetningar er bryggjan kennd við Steinsvör, en ekki t.d. Heimaskagasand. Við aukin umsvif útgerðar í Krossvíkinni sunnan megin á Skaganum verður nýja bryggjan sem reis 1908 til skamms tíma helsti landingarstaðurinn, en með fjölgun vélbáta á nýrri öld tekur steinsteypt bryggja að norðanverðu, í Lambhúsasundi, við því hlutverki og síðar bryggja aftur sunnanmegin, þá við Teigakletta, þar sem nú er aðalhöfnin á Akranesi.

Lýsingar á minjum um bryggjurnar eru misvísandi. Talið hefur verið að stöplar úr eldri bryggjunni séu þar enn,<sup>59</sup> eða á hinn bóginn, að jafnvel yngri bryggjan sé horfin einnig<sup>60</sup>. Höfundur þessarar skýrslu gerði athuganir (2016, 2024) á vettvangi, í ljósi fyrirbyggjandi heimilda, þ.á m. uppdráttar frá 1901, er sýnir legu bryggju Thors Jensens. Þennan uppdrátt gerði Knud Zimsen eftir að bryggjan hafði verið rifin og flutt í Lamhússund. Teikning hans var hinsvegar byggð á mælingum Ólafs Jónssonar frá því um aldamótin 1900 og hefur bryggjan væntanlega verið enn á sínum stað<sup>61</sup>. Uppdráttur danska Herforingjaráðsins frá 1908 sýnir nýju bryggjuna, sem reist var á steinstöplum, og loks sýna gamlar loftmyndir, t.a.m. frá 1954,

<sup>58</sup> Sjá frásögn Guðjóns Friðrikssonar og heimildir sem þar er vísað til: *Hér heilsast skipin*, II. bindi, 2013, Akranes, Uppheimar, s. 191-2.

<sup>59</sup> Guðmundur L. Hafsteinsson, *Perla Faxaflóa*. Akraneskaupstaður, 2009, s. 23.

<sup>60</sup> Ásmundur Ólafsson, Örnefni við Akranes. *Árbók Akurnesinga* 2006, s. 164.

<sup>61</sup> Sbr. Guðmundur L. Hafsteinsson, *Perla Faxaflóa...*, s. 8.

leifarnar af síðustu endurgerð þeirrar bryggju<sup>62</sup>. Á þeirri mynd sést að bryggjuþekjan er horfin og bryggjan löngu ónýtt (sjá mynd 4).

Samanburður á uppdráttum sýnir að elsta bryggjan var ekki á sama stað og sú sem síðar var reist. Gekk sú elsta út frá miðju húsi Thors Jensens, sem enn stendur, á ská út í víkina með stefnu til austsuðausturs. Yngri bryggjan var reist um 15 m norðar og austar og með stefnu í suðaustur.

Ekki fundust leifar eftir timburstöpla eða grjótsökkla þar sem bryggja Jensens stóð, en í yngra bryggjustæðinu eru leifar af steinsteyptum stöplum og þar í liggur steinsteypt frárennslislögn. Ekki er ljóst hvort einhverjir af þessum stöplum séu upprunalegir. Bryggjan skemmdist í óveðri 1914, en mögulega eru þar enn leifar síðustu endurbyggingarnar frá 1921, sem að vísu skemmdist mikið í stórviðrum 1933 og 1984.

Vegna starfseminnar sem hér var rekin, hefur ásjóna landsins mjög breyst frá því sem var þegar þar var lent á opnum bátum. Töluverð landfylling er í allri víkinni frá Heimaskagaklettum í norðaustri, til suðurs undir gatnamótum Suðurgötu og Bárugötu og áfram þar sem húsin á eyrinni standa á Gelluklettum og á innanverðu Gelluskarði. Ekki liggja fyrir nákvæmar upplýsingar um landfyllinguna, en ef bornar eru saman uppmælingar af ströndinni, s.s. áður nefndur uppdráttur Ólafs Jónssonar og Knud Zimsen frá 1901 og kort danska herforingjaráðsins 1908 við loftmyndir af svæðinu frá 1954, má sjá að á fyrri hluta 20. aldar hefur efri hluti víkurinnar verið fylltur sem og hluti Gelluskarðs, vegna fiskireita, ísgerðar, verksmiðjuhúsa, sjávarvarnargarða og gatna. Mögulegt er að þær aðgerðir hafi ekki náð alla leið niður að landingarstöðunum. Hinsvegar verða enn miklar breytingar í víkinni á seinni hluta 20. aldar. Ef bornar eru saman nýjar loftmyndir<sup>63</sup> við myndir frá miðri öldinni má sjá að allur efri kragi víkurinnar hefur verið fylltur. Er sennilegt að þær aðgerðir hafi náð yfir flesta ef ekki alla gömlu landingarstaðina sem ekki voru þegar komnir undir landfyllingu fyrr á öldinni. Hefur Steinsvör legið einna efst, enda erfitt að lenda þar, nema um háfjöru<sup>64</sup>. Áður en til landfyllingar kom er líklegt að Steinsvörinni hafi verið breytt verulega. Í og við vörina voru reistar títtnefndar bryggjur, fyrst timburbryggja Jensens, sem var rifin, og svo bæjarbryggjan. Yngri bryggjan hefur ætíð verið kennd við Steinsvör en örnefni á þessu svæði eru á reiki og þess getið í nýlegu yfirliti um örnefni á Skaganum að bryggjan hafi í raun staðið í Háteigsvörinni<sup>65</sup>. Hvað sem því líður, þá var við þá aðgerð 1908, m.a. notað sprengiefni<sup>66</sup> og

<sup>62</sup> Loftmyndasafn LMÍ, Li20698-72.

<sup>63</sup> Sbr. t.a.m. kortasjá Akraneskaupstaðar.


<sup>64</sup> Hallgrímur Jónsson hreppstjóri, Leiðbeining um sjóleiðir og landingar, *Ísafold*, 19.11.1884, s. 183-4.

<sup>65</sup> Ásmundur Ólafsson, Örnefni við Akranes. *Árbók Akurnesinga* 2006, s. 164.

<sup>66</sup> Ólafur B.Björnsson, *Akranes*, árg. 5, 3. tbl. s. 30, 1946.

staðnum umbylt enn frekar í hvert sinn og gert var við bryggjuna árin 1911 og 1914, og hún loks endurbyggð 1921<sup>67</sup> en að lokum látin ganga úr sér og rifin að mestu þegar hún var hætt að þjóna hlutverki sínu um og eftir miðja öldina.

Verður þessi umfjöllun um Heimaskagasand og Steinsvör látin nægja, en nú haldið áfram að rekja minjalýsingu til vesturs og víkjum aftur að bæjarstæði Neðri-Sýruparts utan landinganna.



Mynd 7. Minjastaðir á Sýruparti. (Myndgrunnur: Loftmyndir ehf© 2019)

Var síðasta íbúðarhúsið sem stóð á bæjarstæðinu flutt á Byggðasafnið í Görðum 1990, en önnur hús og tóftir hafa flest vikið fyrir síðari tíma mannvirkjum<sup>68</sup>. Þar voru aðrar sjómannabúðir eða bústaðir á fyrri tíð, Gunnarshús (Bo-065:002), Hannesarhús (Bo-065:003), Orrusta (Bo-065:004), og loks var byggt þar um aldamótin 1900 hús Ólafs gossara (Bo-065:006)<sup>69</sup>. Hjá bænum var brunnur (Bo-065:012), kálgarðar (Bo-065:013) og nokkur útihús (Bo-065:009, 010, 011)<sup>70</sup>.

Tún Neðri-Sýruparts er hinsvegar að mestu óbyggt. Leifar af grjóttvegg eru sjávarmegin. Er hægt að rekja hann nær óslitinn frá miðjum vesturgafli fiskverkunarhúss HB við Breiðargötu

<sup>67</sup> Finnogi R. Þorvaldsson, Hafnargerðin á Akranesi, *Tímarit V.F.Í.* 1935, 5. hefti, 41-52; Njörður Tryggvason, Brimvarnargarðurinn á Akranesi, *Sveitarstjórnarmál* 42. árg., 1. tbl. 1982, s.12.

<sup>68</sup> Uppdráttur Knud Zimsen og Ólafs Jónssonar 1901; ÓBB, Hversu Akranes byggðist, Akranes IV ár, 8. tbl. s. 90-91 og 9-10. tbl s. 105-107; Ólafur B. Björnsson: *Saga Akraness I*, 113.

<sup>69</sup> JÁM IV, 95; nærri ÓBB 1946, Akranes, V. árg., 7-8. tbl., s. 79; Þorsteinn Jónsson: "Þættir úr sögu Akraness. Húsheiti á Akranesi fyrri hluti" 2 þáttur.

<sup>70</sup> Uppdráttur Knud Zimsen og Ólafs Jónssonar 1901.

8b og þaðan til suðvesturs um 80 metra út að merkjum móti Bræðraparti. Garðurinn er hlaðinn úr ótilhoggnu fjörugrjóti, 3-4 umför, um 40-50 cm hár og um 30 sm á breidd og með skörðum víða, enda veggurinn hrúinn að nokkru. Er grjótagarður sýndur á sama stað á uppdrættinum frá 1901<sup>71</sup>. Sjávarmegin við hann er uppfylling og langtum yngri og voldugri varnargarður. Norðvestan við grjótagarðinn er önnur hleðsla sem liggur eins við áttum, næstum beinn, frá norðaustri til suðvesturs. Er hún að mestu hrúin og líklegt að grjót hafi verið rífið úr henni. Eftir standa 2-3 umför af steinum á stöku stað, en eyður á milli. Er garðlagið líklega leifar kálgarðs sem einnig má sjá á uppdrætti frá 1901 og var áfastur fyrirnefndum grjótagarði meðfram sjónum.

Um 50 m til suðvesturs frá gaffli hússins við Breiðargötu 8b, eru leifar af lítilli tóft, áfastri grjótagarðinum sem liggur með sjónum. Er hún um 7 m löng og 4 m breið, að mestu hlaðin úr grjóti. Veggir eru um 50 sm breiðir. Er lítið mannvirki sýnt á þessum sama stað á uppdrættinum frá 1901. Tóftin snýr VNV-ASA. Vesturendi hennar gæti verið hrúinn, en þar gæti jafnvel hafa verið timburgafl. Yfir syðri enda hefur verið reist þaknefna úr timbri á síðustu áratugum og er það væntanlega ekki hluti af upprunalegu mannvirki. Landið í kring er ögn herra og má vera að tóftin standi á rústabungu eða eldra mannvirki. Ekki sjást aðrar minjar á yfirborði í túninu, en rétt er að halda til haga að þar í kring voru einnig nokkur tómthús og verbúðir um 1700. Er því líklegt að undir túninu séu mannvistarleifar, og jafnvel fornar mannvirkjaleifar. Elstu leifar bæjarstæðis Efra-Sýruparts gætu verið frá öndverðri 17. öld eða eldri og þar var að lokum reistur steinbær 1900 og hlaða og garðlag með sjónum<sup>72</sup>, en þau hús voru rifin og er staðurinn kominn undir fiskverkunarhús HB.

Næsti bær fyrir utan Sýrpuart er Bræðrapartur<sup>73</sup>. Hann stóð við ágætan lendingarstað, Skarfavör (Bo-066:016). Lendingin hefur verið uppfyllt að hluta, þ.e. syðst, og hús reist vestan megin hennar<sup>74</sup>.

Bræðrapartur fór til skamms tíma í eyði (1799-1828) sökum Básendaflóðsins. Á Bræðraparti (Bo-066:001) var torfbær sem væntanlega hefur eyðst í flóðinu. Síðan rís þar torfbær um 1828 og steinbær árið 1864 en þeir rifnir 1908 og byggt nýtt íbúðarhús. Það hús var tekið og flutt að Suðurgötu 20, en á bæjarhlaðinu stendur timburskúr frá seinni tíð. Skammt neðan við síðasta bæjarstæði Bræðraparts var Kárabær (Bo-063:033) og var þar búið frá miðri 19. öld<sup>75</sup>.


<sup>71</sup> Sjá einnig: Ólafur B. Björnsson: *Saga Akraness I*, s. 113.

<sup>72</sup> Ólafur B. Björnsson: *Saga Akraness I*, s. 113.

<sup>73</sup> Túnakort 1917; ÓBB Hversu Akranes byggðist, Akranes, 1945, IV. árg., 9.tbl., s. 107 og 11. tbl., s. 124-125; Ólafur B. Björnsson: *Saga Akraness I*, 127-128, 130.

<sup>74</sup> Uppdráttur Knud Zimsen og Ólafs Jónssonar 1901; Ólafur B. Björnsson, *Saga Akraness I*, s. 254, 1957.

<sup>75</sup> Þorsteinn Jónsson: "Þættir úr sögu Akraness. Húsheiti á Akranesi fyrri hluti" 2 þáttur.




Mynd 8. Minjastaðir á Bræðraparti. Skarfavör neðst til hægri. (Myndgrunnur 2019: Loftmyndir ehf©)

Um aldamótin 1700 voru allmargar búðir hjá Bræðraparti: Kappabúð (Bo-066:003), Sæmundarbúð (Bo-066:004), Bjarnabúð/Smiðjubúð (Bo-066:005), Stórabúð (Bo-066:006), Guðmundarhús (Bo-066:007), Borgarbúð (Bo-066:008)<sup>76</sup>, en staðsetning þeirra er óþekkt. Um 1900 var brunnur vestan við bæ (Bo-066:017) og stóðu allnokkur útihús (Bo-066:002, 010, 014, 018, 019, 020) við bæinn og í túninu<sup>77</sup>. Á allar hliðar túnsins voru voldugar hleðslur til varnar túninu og gegn landeyðingu af völdum ágangs sjávar (Bo-066:009, 011, 015, 021, 022)<sup>78</sup>. Þær hurfu við endurnýjun sjóvarnargarða á 20. öld.

<sup>76</sup> JÁM IV, 97-98.

<sup>77</sup> Uppdráttur Knud Zimsen og Ólafs Jónssonar 1901; Túnakort 1917.

<sup>78</sup> Uppdráttur Knud Zimsen og Ólafs Jónssonar 1901.



Mynd 9. Minjastaðir á Breið (Myndgrunnur: Loftmyndir ehf© 2019).

Bærinn Breið (Bo-063:006) stóð neðst á Skaga, fremst á tá nessins. Hann fór í eyði í Básendaflóðinu 1799 og var byggðin þar ekki endurreist fyrr en 1874. “Þar voru þá engin hús uppi standandi”, segir Ólafur B. Björnsson, en hlaðið steinhús. Það húsð var rífið skömmu eftir 1930<sup>79</sup>. Minjar um bæinn eru horfnar. Um 1700 stóðu þar búðir Þórólfs hús (Bo-063:016) og Breiðarbúð (Bo-063:017)<sup>80</sup>. Hjá bænum var steinbyggð skemma (Bo-063:119) og hjallur (Bo-063:118)<sup>81</sup>. Við bæinn var kálgarður (Bo-063:121) og útihús (Bo-063:110, 117) í túninu. Breið var seld 1916 og voru öll hús rifin og gerðir fiskreitir (Bo-063:123)<sup>82</sup>. Voldugir sjóvarnargarðar voru við jaðar túnsins (Bo-063:116, 120)<sup>83</sup>, en viku fyrir steinsteyptum mannvirkjum um 1930.

<sup>79</sup> JÁM IV, 98; Heimildir: Uppdráttur Knud Zimsen og Ólafs Jónssonar 1901; Ö-Akranes, 5, 9; ÓBB Hversu Akranes byggðist, Akranes, 1945, IV. árg., 12. tbl., s. 150-151; Þorsteinn Jónsson: “Þættir úr sögu Akraness. Húsheiti á Akranesi fyrri hluti” 2 þáttur.

<sup>80</sup> JÁM IV, 98-99.

<sup>81</sup> ÓBB Hversu Akranes byggðist, Akranes, 1945, IV. árg., 12. tbl., s. 150-151.

<sup>82</sup> ÓBB Hversu Akranes byggðist, Akranes, 1945, IV. árg., 12. tbl., s. 150-151.

<sup>83</sup> Uppdráttur Herforingjaráðsins 1908; ÓBB Hversu Akranes byggðist, Akranes, 1945, IV. árg., 12. tbl., s. 150-151.

Á Breið var um tíma Miðunarstöð (Bo-063:122) og utar standa sem kunnugt er vitar: sá eldri var reistur á Suðurfloß 1918 og Akranesviti nær gamla bæjarstæðinu var byggður 1947. Í seinni tíð var á gamla heimatúni Breiðarinnar þurrkaður þar saltfiskur og síðar skreið.

Það svæði sem einna fæstar heimildir eru til um á reitnum er ströndin milli Breiðar og Lambhúsasunds, þar sem heitir Víkur. Er líklegt að þar hafi verið byggð, sem hefur hupað vegna ágangs sjávar. Í heimildum frá 1706 er getið um tvo bæi og má ráða af líkum að þeir hafi staðið þar við ströndina. Hefur annað þeirra, Neðravíti (Bo-063:018) (einnig þekkt sem Sandgerði, Þórispartur) líklega verið norðan við Breið<sup>84</sup>. Hinn bærinn, Efravíti (Bo-063:015) (Tobabbær, Tjarnarkot), hefur staðið ofar og nær Lambhúsasundi, jafnvel nærri þar sem var Hestbúðartjörn (Bo-067:018)<sup>85</sup>. Ein verbúð var við Tobabbæ/Efravíti (Bo-063:019) og önnur, Leirárþúð (Bo-067:030) milli Efravítis og Lambhúsa. Lýsing frá 1706 á staðsetningu Leirárþúðar gefur sterka vísbendingu um staðsetningu Efravítis: “Á millum þessa býlis, Lambhúsa, og þess sem næst áður er talið, Tjarnarkot, liggja verbúðir, sem hvörugt býlið Lambhús nje Tjarnarkot eigna sjer.”<sup>86</sup> Jafnframt er Leirárþúð sýnd á uppdrætti frá 1802.

Athyglisvert er að þessir bústaðir hafa gengið undir ýmsum nöfnum. Það er freistandi að álykta nafngiftirnar, Sandgerði og “-víti” séu vísbendingar um að landbrot, flóð og sandfok hafi spilt þar tünun og gert óbyggilegt.

Nú er komið að sunnanverðri strönd Lambhúsasunds og byggðinni sem var milli sundsins og Mýrarinnar (þar sem vestasti hluti Hafnarbrautar liggur).

Bærinn í Neðri-Lambhúsum (Bo-067:001) stóð skammt ofan við fjörubakkana við Lambhúsasund, u.þ.b. fyrir miðju sundinu sem er og kennt við bæinn. Þar var torfbær, síðar timburhús og loks steinbær 1878<sup>87</sup> og kálgarðar í kring. Þessi hús hafa verið fjarlægð og á gamla bæjarstæðinu er slétt tún. Í túninu norðan við bæinn var reist timburhús á háum kjallara 1932. Það var rífið 1970<sup>88</sup>. Þar og víðar í landi Lambhúsa voru garðlög (Bo-067:020, 024) og kálgarðar (Bo-067:021, 023, 023, 034)<sup>89</sup>. Brunnur (Bo-067:022 var norðvestan við bæjarstæðið. Lambhús varð tvíbýli 1883<sup>90</sup>: *Efri Lambhús* (Bo-067:002) og reist þar timburhús (Vesturgata 22), nú auð lóð, á efra horni Bárugötu og Vesturgötu og utan skipulagsreits.

<sup>84</sup> ÓBB Hversu Akranes byggðist, Akranes, 1945, IV. árg., 12. tbl. Sandgerði s. 151.

<sup>85</sup> Jón Böðvarsson: Akranes. Frá landnámi til 1885, 64; JÁM IV, 100.

<sup>86</sup> JÁM, V, s. 101-102; ÓBB 1946, Hversu Akranes byggðist. Akranes V. árg., 9-10. tbl., s. 95.

<sup>87</sup> Uppdráttur Knud Zimsen og Ólafs Jónssonar 1901; Túnakort 1917; ÓBB, Hversu Akranes byggðist, Akranes, V. árg 1. tbl., 1946 s. 6-7, 2. tbl., 1946, 18-19 og 3. tbl s. 30; Þorsteinn Jónsson: "Þættir úr sögu Akraness. Húsheiti á Akranesi fyrri hluti" 2 þáttur.

<sup>88</sup> Gísli S. Sigurðsson (2003). Valsað um Vesturgötu. *Árbók Akurnesinga*, 3. árg., bls. 193-208.

<sup>89</sup> Uppdráttur Knud Zimsen og Ólafs Jónssonar 1901.

<sup>90</sup> Uppdráttur Knud Zimsen og Ólafs Jónssonar 1901; Þorsteinn Jónsson: "Þættir úr sögu Akraness. Húsheiti á Akranesi fyrri hluti" 2 þáttur.



Björnsson. Þar var tjörn, kölluð Hestbúðartjörn (Bo-067:018), og notuð fyrir skautasvell um vetur<sup>96</sup>.

Á öllu svæðinu milli Lambhúsa og niður að þeim stað þar sem Efravíti og nefnar búðir stóðu hefur verið töluverð atvinnustarfsemi. Fiskverkunarhús var reist 1929 neðst, þ.e. við Vesturgötu 1 og fleiri mannvirki þar ofan við á næstu árum, aðgerðarpláss, beitingaskúrar, veiðafærageymslur, fiskhús og sjóvarnargarðar<sup>97</sup>. Þar var starfsemi Fiskivers, og síðar Hafarnarins. Talsverð uppfylling er þar sem áður voru uppsátur Lambhúsa. Um tíma var þar lón, og “fyrsti urðunarstaður sorps eftir að farið var að starfrækja öskubíl hér í bænum”.<sup>98</sup>

Sunnanmegin sundsins voru nokkrir landingastaðir. Áðurnefnd Litlateigsvör<sup>99</sup> Bo-067:017) var vestast, Lambhúsavarir tvær (þá Bo-067:015, 016), og Nýjabæjarvör (Bo-063:088) nyrst<sup>100</sup>. Þessar varir hafa lent sjóvarnargörðum (Bo-067:033) og landfyllingu. Við Litlateigskletta voru reistar bryggjur (Bo-067:031 Bjarnabryggja( Bo-067:032) steinbryggja sem hreppurinn lét reisa 1925. Eru leifar þeirra enn varðveittar.



Mynd 11. Bryggjuminjar í Lambhúsasundi (Myndgrunnur: Loftmyndir ehf© 2019).

<sup>96</sup> ÓBB 1946, Hversu Akranes byggðist. Akranes V. árg., 1.tbl., s. 7 og 9-10. tbl., s. 95; Sami: Saga Akraness I, 157.

<sup>97</sup> Gísli S. Sigurðsson (2003). Valsað um Vesturgötu. *Árbók Akurnesinga*, 3. árg., bls. 193-208.

<sup>98</sup> Gísli S. Sigurðsson (2003). Valsað um Vesturgötu. *Árbók Akurnesinga*, 3. árg., bls. 193-208.

<sup>99</sup> ÓBB 1946, Hversu Akranes byggðist. Akranes V. árg., 1.tbl., s. 7.

<sup>100</sup> Ásmundur Ólafsson, 2016. Við Lambhúsasund á Akranesi. Fyrstu kaupmennirnir – fyrsti miðbærinn. *Skessuhorn* 19. árg., 29., tbl. s. 24-25.

Upp af vörunum voru fiskreitir (Bo-067:035, 036)<sup>101</sup>. Gísli S. Sigurðsson minnst þessháttar minja (Bo-067:014) neðan við Lambhús: “Þar var þegar ég man fyrst eftir stakkstæði með upphækkaðar grindur sem fiskurinn var breiddur á. Þær voru búnar til úr girðingameti og timbri. Við þessi stakkstæði þurfti fólk ekki að beygja sig við að breiða og taka saman og ekki var hætt á að fiskurinn soðnaði.”<sup>102</sup>

Við Lambhúsasund varð snemma vísir að þéttari byggð. Nýjabæjar (Bo-063:027) er fyrst getið 1785 og þar var reist timburhús 1883. Hann stóð þar sem nú er vesturendi Bíóhallarinnar, en hún var byggð 1942<sup>103</sup>. Um aldamótin 1900 var brunnur (Bo-063:087) við suðurhorn bæjarins, sjóvarnargarður (Bo-063:084) neðan við hann og útihús (Bo-063:085, 086) á hlaðinu<sup>104</sup>.

Skammt sunnan við Nýjabæ stóð annað býli frá sama tíma, Árnabúð (Bo-063:028). Hún fór í eyði og húsin rifin 1903<sup>105</sup>. Þar nærri var reist lítið hús, Staðarbakki: “pappaklætt timburhús, eitt herbergi og eldhús undir risi en inngangsskúr þar fyrir framan. ...Ég man seinna eftir reiðhjólaverkstæði í húsinu. Það var svo rífið.”. Gísli S. Sigurðsson lýsir einnig umhverfi Árnabúðar: Neðan við var reist hús til fiskverkunar: “fiskaðgerðarhús með áföstum beitningaskúrum. Það hús byggði Árni í Sóleyjartungu árið 1932. Margir bátar höfðu aðstöðu í húsinu í gegnum árin.”<sup>106</sup>

Bæjarstæði Árnabúðar er einnig talsvert raskað. Austan þess reis stórt steinhús 1933 (Vesturgata 25), sem var rífið 2007 og lóðin sléttuð út.

Síðar lengdist gamla byggðin við fjöruna lengra til suðurs. Snæbjarnarhús voru byggð rétt sunnan Árnabúðar 1874-76. Þar var íveruhús úr timbri (Bo-063:070 og verslun (Bo-063:089). Snæbjörn Þorvaldsson rak þar verslun til 1894 og Thor Jensen eftir það, uns húsin voru tekin niður 1903 og flutt til Reykjavíkur<sup>107</sup>.

Bryggja (Bo-063:112) var niður í lónið við verslun Snæbjarnar og varnargarðar (Bo-063:090, 091) á fjörubakkanum.

---

<sup>101</sup> ÓBB 1945, Akranes, 4. árg, 3-4. tbl., s. 35.

<sup>102</sup> Gísli S. Sigurðsson (2003). Valsað um Vesturgötu. *Árbók Akurnesinga*, 3. árg., bls. 193-208.


<sup>103</sup> Uppdráttur Knud Zimsen og Ólafs Jónssonar 1901; ÓBB 1946, Hversu Akranes byggðist. Akranes, V. árg., 9-10. tbl., s. 95-96; Þorsteinn Jónsson: "Þættir úr sögu Akraness. Húsheiti á Akranesi fyrri hluti" 2 þáttur; J. Johnsen, 108-109.

<sup>104</sup> Uppdráttur Knud Zimsen og Ólafs Jónssonar 1901.

<sup>105</sup> : Uppdráttur Knud Zimsen og Ólafs Jónssonar 1901; ÓBB 1946, Hversu Akranes byggðist. Akranes, V. árg., 7-8. tbl., s. 79, og frh árg 9-10. tbl., s. 95; Þorsteinn Jónsson: "Þættir úr sögu Akraness. Húsheiti á Akranesi fyrri hluti" 2 þáttur; Þorsteinn Jónsson, Hús og býli á Akranesi; Johnsen, 108-109.

<sup>106</sup> Gísli S. Sigurðsson (2003). Valsað um Vesturgötu. *Árbók Akurnesinga*, 3. árg., bls. 193-208.

<sup>107</sup> : Uppdráttur Knud Zimsen og Ólafs Jónssonar 1901; Þorsteinn Jónsson: "Þættir úr sögu Akraness. Húsheiti á Akranesi fyrri hluti" 2 þáttur; Gísli S. Sigurðsson (2003). Valsað um Vesturgötu. *Árbók Akurnesinga*, 3. árg., bls. 193-208.



Mynd 12. Minjar Nýjabæjar og nágrenni (Myndgrunnur: Loftmyndir ehf© 2019).

Árið 1908 var reist timburhús á lóð Snæbjarnarhúsa, þ.e. Vesturgata 23 og nefnt Hofteigur (Bo-063:093). Austan við húsið var brunnur (Bo-063:094) og garðhleðslur (Bo-063:092) vestan megin<sup>108</sup>. Það var flutt 2011 að Krókatúni 1<sup>109</sup>, og lóðin jöfnuð út. Kippkorn sunnar stóðu Indriðastaðir (Vesturgata 21). Það hús brann 1979<sup>110</sup>.

Ofar við Vesturgötu, upp við norðurmörk skipulagsreitsins stóð Halldórshús (Bo-063:081). Það var timburhús byggt 1877 og stóð á horni Vesturgötu og Bakkatúns. Við húsið var brunnur (Bo-063:083) og útihús við vesturgafli (Bo-063:082)<sup>111</sup>. Halldórshús brann 1963. Ekki hefur verið byggt þar síðan en lóðin nýtt sem bílastæði við Bíóhöllina<sup>112</sup>.

<sup>108</sup> Uppdráttur Knud Zimsen og Ólafs Jónssonar 1901.

<sup>109</sup> Guðlaug Vilbogadóttir: <https://husaflutningar.is/krokatun-1-akranesi/> [sótt 1. júní 2024].

<sup>110</sup> Uppdráttur danska Herforingjaráðsins, 1908; Gísli S. Sigurðsson (2003). Valsað um Vesturgötu. *Árbók Akurnesinga*, 3. árg., bls. 193-208.

<sup>111</sup> Uppdráttur Knud Zimsen og Ólafs Jónssonar 1901.

<sup>112</sup> Uppdráttur Knud Zimsen og Ólafs Jónssonar 1901; Þorsteinn Jónsson: "Þættir úr sögu Akraness. Húsheiti á Akranesi fyrri hluti" 2 þáttur; Gísli S. Sigurðsson (2003). Valsað um Vesturgötu. *Árbók Akurnesinga*, 3. árg., bls. 193-208.

Vestan við Halldórshús, niður við Lambhúsasund stóð *Litla-Grund* (*Guðbjarnarhús*, (Bo-080:002). Þar var fyrst byggt 1882 og stóð útihús (Bo-080:003) norðvestan við bæinn og síðar var reist fjós (Bo-080:004) sunnan við hann<sup>113</sup>.

Að ofansögðu má sjá að miklar byggðaminjar af öllu tagi er að finna meðfram nær allri ströndinni. Öðru gegnir um miðju svæðisins, Mýrina. Ekki er kunnugt um búsetuminjar á þeim slóðum, enda, eins og nafnið gefur til kynna, var landið blautt og óhentugt til húsbygginga. Gamlir framræsluskuðir hafa grafnir einhvern tíma á 19. öld til að þurrka mýrlendið. Meðfram Hvalvegi (nú Bárugata) lá skurður og frá honum nokkrir þverskurðir (Bo-063:114, Bo-064:010, Bo-065:014, , Bo-067:029) sem liggja frá NA til SV að langskurði (Bo-066:012) sem náði næstum alveg yfir Breiðina, frá Lambhúsasundi suður að Skarfavör. Framræslan hefur borið árangur því 1917 er komið ræktað tún frá Háteigi, langt og mjótt sem náði niður fyrir Hvalveg/Bárugöut og þar var reist útihús (Bo-068:004) <sup>114</sup>. Skammt frá hafa verið gerðar frekari ræktunartilraunir með beðasléttum (Bo-069:019)<sup>115</sup>.

Hin almenna regla um lögbundna skilgreiningu á fornleifum er þær séu 100 ára eða eldri. Hinsvegar teygir fræðilegur áhugi fornleifafræðinga sig fram til nútíma, auk þess sem stjórnvöld hafa heimild til að friða yngri staði sem hafa sögulegt gildi. Dæmi þar um eru t.d. minjar um hersetu Breta. Er þessi undanþága laganna nefnd hér því á miðju Breiðarsvæðinu eru töluverðar minjar um umstang hernámsliðsins 1940.

Herinn kom sér fyrir á Akranesi strax við upphaf hernám og á Breiðinni reis braggahverfi, sem kallað var Cleveland Camp<sup>116</sup>. Þar risu tvær þyrpingar bragga, nánast í túnfætinum hjá Neðri-Lambhússtöðum<sup>117</sup>. Í syðri þyrpingunni voru 21 braggi og gerði þar hjá úr steinsteypu (Bo-063:125). Stóð hún neðst við Vesturgötuna að austanverðu. Gatan fékk viðurnefnið Marley Road. Önnur þyrping (Bo-063:126) stóð ofar, þar sem nú er lóðin Vesturgata 17<sup>118</sup>. Þar voru 5 braggar, og var ein hæðin á Vesturgötu 19 höfð til afnota fyri rherinn. Herinn reisti tvo palla fyrir loftvarnarbyssur og var annar þeirra á Breiðinni (Bo-063:127). Hafsteinn Sigurbjörnsson lýsir þessum búnaði svo: “Þessir pallar voru kringlóttir úr járn og um þrír metrar í þvermál og

---

<sup>113</sup> Uppdráttur Knud Zimsen og Ólafs Jónssonar 1901; ÓBB, Hversu Akranes byggðist, Akranes 1950, IX. árg., 11.-12. tbl., s. 139; Þorsteinn Jónsson: "Þættir úr sögu Akraness. Húsheiti á Akranesi fyrri hluti" 2 þáttur.

<sup>114</sup> Túnakort Háteigs 1917

<sup>115</sup> Túnakort Háteigs 1917

<sup>116</sup> Sbr. Friðþór Eydal, Hersetan á Ströndum og Norðurlandi vestra, 2015. Síðar reis braggahverfi upp við Garða og hlaut sama nafn.

<sup>117</sup> Loftmynd 20.8.1942 GX-12516-050; Magnús Magnússon, Þegar breski herinn hernam Akranes, Skessuhorn 24. árg., 6. tbl., 10. Febrúar 2021, s. 16-18.

<sup>118</sup> Loftmynd 20.8.1942 GX-12516-050; Gísli S. Sigurðsson (2003). Valsað um Vesturgötu. *Árbók Akurnesinga*, 3. árg., bls. 193-208.

stóðu á staurum fet frá jörðu”<sup>119</sup>. Engar minjar eru sýnilegar um veru hersins, en ekki er útilokað að ummerki leynist undir yfirborðinu.



Mynd 13. Fornleifar á Breiðinni (Myndgrunnur: Loftmyndir ehf© 2019).

## Niðurstöður

Fyrir skráninguna 2024 voru þekktir 54 minjastaðir á Breiðarsvæðinu. Við bættust 143 staðir og eru því alls þekktar 197 minjar. Hér verður dregið saman í fáum orðum hvernig þessir staðir skipast í mismunandi flokka fornleifa og jafnframt fjallað um afdrif þeirra og ástand. Segja má að minjar á svæðinu skiptist í hefðbundnar landbúnaðarminjar, útvegsmínjar og minjar um hersetu landsins.

Helsta einkenni byggðar á reitnum er að hún virðist lengstum og jafnvel frá upphafi verið við ströndina. Á miðjum reit er landið réttnefnt “Mýrin” og því ólíklegur staður fyrir hverskyns

<sup>119</sup> Magnús Magnússon, Þegar breski herinn hernam Akranes, Skessuhorn 24. árg., 6. tbl., 10. Febrúar 2021, s. 16-18

mannvirki, nema hún hafi verið þurrari fyrrum. Um 1900 var hún ræst fram með skurðum og gerðar ræktunartilraunir með beðasléttur.

Hvað landbúnað varðar eru leifar 15 bústaða þar sem búið hefur verið til lengri eða skemri tíma. Er mögulegt að enn finnist leifar á öllum þessum stöðum að Heimaskaga frátöldum ásamt Efra- og Neðra-Víti, auk þess sem Breiðarbærinn gamli hefur líkleagst sópast í burtu í flóði. Enn gætu verið einhverjar leifar á Bræðraparti og N-Sýrpuarti, auk Lambhúsa, þótt hluti þeirra hafi sjálfsagt horfið við gatnagerð eða húsbyggingar.

Þekkt eru 34 útihús og a.m.k. 5 þeirra líklega horfin, 1 tóft er enn sýnileg, en afgangurinn hefur verið rifinn eða sléttaður út. Leifar þeirra finnast mögulega undir yfirborði. Í kring voru hlaðnir veggir fyrir kálgarða og mörkuðu þeir upphafsstefið í sögu hinnar merkilegu kartöfluræktar á Skaga. Að frátöldum garðstúf við Neðri-Sýrupart eru minjar um þá að mestu horfnar. Leifar af brunnugætu enn fundist við bæina, enda ná þeir jafnan dýpra en önnur mannvistarlög.

Af útvegsminjum ber helst að nefna verbúðir. Vitað er um 36 búðir frá 1650-1900. Engin þeirra er uppistandandi og reyndar örðugt að henda reiður á nákvæmri staðsetningu allflestra. Leifar verbúða gætu komið í ljós við rask, einkum nærri lendingarstöðunum. Uppsátur eru kunn á 9 stöðum og hafa flestir staðirnir lent í landfyllingu, a.m.k. að hluta til. Baráttan við ágang sjávar er eitt megininkenna á menningarlandslagi Breiðarinnar. Sjóvarnargarðar risu meðfram nær allri strandlengjunni, en þeir eldri hafa að mestu vikið fyrir stærri og traustari varnarmúrum úr steinsteypu. Elstu bryggjuleifar eru ekki sýnilegar, en leifar eru enn af þremur bryggjum frá öndverði 20. öld. Kunnugt er um fiskreiti á a.m.k. 7 stöðum, en umbúnaður þeirra var forgengilegur og ummerki um þá væntanlega horfinn fyrir allnokkru síðan. Loks ber að nefna herminjar. Á Breiðarsvæðinu risu tvær þyrpingar bragga og fallbyssustæði. Engin ummerki eru sýnileg, en líklegt er að a.m.k. grunnar bragga sé enn að finna þar sem ekki hafa verið reist mannvirki í seinni tíð.

Í íslenskri minjavernd hefur verið leitast við að varðveita staði sem hafa menningarsögulegt gildi, eða a.m.k. láta gera á þeim rannsókn áður en þeir víkja vegna framkvæmda. Gildi minjastaðar liggur m.a. í sögulegu hlutverki hans og hve vel varðveittur hann er. Væri tiltekinn staður t.a.m. miðstöð sjósóknar Akurnesinga um aldir og markaði upphafið að sögu þéttbýlis og kaupstaðar, þá er ljóst að hann hefði menningarsögulegt og táknrænt gildi. Væri minjastaðurinn að auki vel varðveittur, yrði það til að auka gildi þess að hlífa minjunum og nágrenni þeirra við raski.

Rétt er að hafa í huga að minnst er vitað um elstu mannvistarleifar á Breiðarsvæðinu. Hin varðveittu skjöl gefa góða almenna mynd af þróuninni frá 17. öld og síðar, en eru ekki þess eðlis að þau geti verið góð undirstaða undir nákvæma staðarlýsingu og þá sérstaklega á stað á

borð við Akranes. Flest gömul kennileiti eru löngu horfin undir þéttbýlið og sú strönd sem sjórinn gjálfraði við á dögum Brynjólfs biskups er gjörbreytt vegna landeyðingar síðustu 350 árin. Því sem sjórinn hefur ekki eytt, hefur að mestu verið umbreytt vegna sjóvarnagarða sem risið hafa í seinni tíð.



Mynd 14. Landfylling og sjóvarnir við strendur Breiðarsvæðis (Myndgrunnur: Loftmyndir ehf© 2019).

Þótt heimildir um elstu tíð séu fátæklegar, eru upplýsingar um síðustu 200 árin langtum betri. Til eru ævintýrlega nákvæm kort frá 1802 og 1901, og gott safn loftmynda frá upphafi fjarkönnunar með loftljósmyndum á landinu.

Erfitt er að henda reiður á hvað af öllum þessum tæplega 200 stöðum geti talist merkari en aðrir. Allar byggðaminjarnar eru heimildir um landbúnað og útveg sem og upprunasögu kaupstaðarins. Má vera að minjar séu einna best varðveittar þar sem enn eru auð svæði, s.s. á

Neðra-Sýrpuparti, Bræðraparti og jafnvel Neðri-Lambhúsum. Krosshús eru forvitnilegur staður og þar er nú autt plan, en óvíst hvort minjar leynist enn þar undir.

Hvað verndun minja varðar hefur verið gerð gangskör að merkingu á nokkrum stöðum og sett þar upp vönduð, söguleg skilti. Þar að auki hefur Minjastofnun lagt til að verja bæri Steinsvör fyrir frekara raski. Á Akranesi eru landingastaðirnir sögulega mikilvægir, enda forsenda þeirrar uppbyggingar og framvindu sem varð á Niðurskaganum. Það er hinsvegar vandasamt að varðveita í senn gamlar landingar og verja land fyrir sjávarrofi. Strendur Akraness hafa breyst stórkostlega í gegnum tíðina vegna ágangs sjávar. Þar eru nú einna mestu sjóvarnargarðar landsins, eftir nær allri strandlengju kaupstaðarins og hafa þeir hamið landeyðinguna. Fyrir tíð sjóvarnargarða var ágangur sjávar mikill og tók byggð jafnvel af á stöku bæjum eftir verstu stórviðrin. Er sennilegt er að elstu landingarstaðirnir hafi verið utar en núverandi strönd, en landeyðing síðustu alda afmáð öll ummerki um þá. Þeir sem eftir stóðu hafa flestir lent undir landfyllingu og sjóvarnargörðum. Heiti á landingarstöðum eru í raun ekki hefðbundin örnefni, heldur skilgreining á hlunnindum og aðstöðu sem ganga kaupum og solum og geta tekið breytingum í tímans rás. Er það ólíkt t.a.m. stórum mannvirkjum, sem líkleg eru að skilja eftir sig spor.

Áform eru um að nýta Breiðarsvæðið til uppbyggingar af ýmsu tagi. Framkvæmdir eru líklegar til að kalla á rannsóknir eða a.m.k. eftirlit á þeim stöðum þar sem kunnugt er um minjar. Jarðvegur virðist víða vera grunnur og sennilegt að í mörgum tilfellum sé þegar búið að afmá spor genginna kynslóða. Breiðin og nágrenni gefur á hinn bóginn færi á margvíslegum leiðum til fella saman fyrirhugaða landnýtingu við sögu svæðisins. Breiðin er táknmynd fyrir sjósókn, með sínum fiskireitum, saltfiskstökkum, skreiðarvinnslu, íshúsum og vitum í bland við óveiður, flóð og landbrot, að ógleymdri kartöflurækt, er sem þjóðarsagan í hnotskurn. Þar er að auki að finna frumspor þorpsmyndunar: fyrsta gatan, fyrstu timburhúsin, samkomuhús, og leikvangur á ísilögðum tjörnum. Við fiskhúsin og aðgerðarpönin risu braggar og loftvarnarbúnaður í hildarleik þjóðanna. Það er vel við hæfi að nú verður Breiðin nýtt leiksvið þróunar í þágu framtíðar.

## Lokaorð um verndaráætlun Breiðarinnar

Uppbygging og nýstárleg áform í rótgrónu umhverfi er snúið viðfangsefni. Samþætta þarf hönnun, framkvæmdir, umhverfispætti, viðhorf stjórnvalda og sjónarmið íbúa. Ýmsar leiðir eru færar til að ná fram þessháttar samhæfingu.

Þróunarverkefnið á Breiðinni er óvenjulegt bæði hvað varðar stærð og inntak, og því ekki hægt að benda á sambærileg verkefni eða fyrirmyndir héraendis. Fyrirmæli í almennum lögum um skipulag sem og umhverfis- og minjavernd ná skammt og snúa fyrst og fremst um valdheimildir og eftirlitsskyldur opinberra embætta. Hinsvegar er að finna áhugaverða nýbreytni í nýrri lögum (87/2015) sem varða svokölluð verndarsvæði í byggð. Þar er markmiðið að stuðla að skilgreiningu og vandaðri meðferð tiltekinna heilda í þéttbýli sem hafa menningarsögulegt gildi. Segja má að þessi lög séu í anda nýrrar stefnu í umhverfismálum, þar sem áherslan er ekki á stranga friðun, heldur bættu stjórnun allra landgæða. Sveitarstjórnir hafa frjálsar hendur um hvort þær kjósi að fara þessa leið. Sem dæmi um velheppnaðar verndaráætlanir mætti nefna eldri bæjarhluta á Hofsósi, Djúpavogi, Siglufirði, Sauðárkróki og Neðstakaupstað á Ísafirði auk Þorkötlustaðahverfis í Grindavík. Lögin eru fremur leiðsögn, einskonar aðferðafræði til að ná utan um stærri heildir en sem nemur tilfallandi verkefni eða stakri byggingarlóð. Kostur laga um verndarsvæði í byggð er m.a. sá að þau mynda traustan ramma utan um samráðsvettvang landeigenda, hönnuða, eftirlitsstofnana, sveitarstjórnar og íbúa. Lykilþátturinn er að leitast við að nýframkvæmdir falli sem best að minjum og umhverfi og verði jafnframt hluti af sögulegri framvindu svæðisins.

Niðurstaða þessarar rannsóknar er að á svæðinu eru margar minjar og fjölbreyttar. Sú niðurstaða kallar á að finna leiðir til að samþætta ólíka hagsmuni og sjónarmið. Reiturinn sem afmarkaður hefur verið fyrir þróunarverkefnið nær yfir stóran hluta þess svæðis sem heppilegast væri að gera verndaráætlun um, þ.e.a.s. sjálfan upprunastað sjávarþorpsins á Skaga. Þar sem áðurnefnd lög leggja áherslu á að fundin sé rökrétt og viðeigandi afmörkun svæðis, væri heppilegast að láta söguna og umhverfið ráða og afmarka verndarsvæði sem næði utan um elstu byggðina í heild, t.a.m. frá Teigaklettum (þar sem síldarbræðslan stendur), um Teig (Akurshól) og út á Grenjar.

## Fornleifaskrá

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti og hver jörð hefur númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákveða á hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: Bo-063:001).

### **Bo-063** Heimaskagi

5 hndr. 1706. "Þar neðar [en Bo-061] voru svo varimar Ívarshúsvör og Halakotssandur, þar er nú umráðasvæði Sementsverksmiðjunnar og Akraneshafnar. Næst var Efstiteigur, síðar Teigakot og nú síðast Akur við hólinn hæsta, næst Suðurgötu 28. Þar neðar var teigavör. Allt er þetta nú horfið undir mannvirki. Þá er Heimaskagi, það var aðalbýlið forna. Þar er nú samnefnt fiskvinnsluhús, þar fram af er svo aðalbryggjan." (BB II, 391).

Heimildir: ÓBB, Hversu Akranes byggðist, Akranes IV. ár, 7. tbl. s. 79 og 8.tbl.,s. 90; Ólafur B. Björnsson: Saga Akraness I, 80, 84.; loftljósmynd frá 1938.BB II, 391.

### **Bo-063:001** Heimaskagi bæjarhóll bústaður

"Árið 1874 byggði Árni steinhús í Heimaskaga, 11x7 álnir. Var það með skífuþaki. Kjallari var undir nokkrum hluta hússins." "Gamla húsið í Heimaskaga reif Jón árið 1905, en byggði þar þess í stað stórt og vandað timburhús, óvanalega laglegt og íburðamikið á þeim tímum [rifið 1944]."

Verksmiðjuhverfi. Íbúðarhúsið á Heimaskaga stóð við suðausturhorn fiskverksmiðjunnar.

Heimildir: ÓBB, Hversu Akranes byggðist, Akranes IV. ár, 7. tbl. s. 79 og 8.tbl.,s. 90; Ólafur B. Björnsson: Saga Akraness I, 80, 84.; loftljósmynd frá 1938.

### **Bo-063:002** heimild um verbúð

"Verbúð ein er hjer með þessum parti, hana brúka um vertíð og vortíma sjómenn ..."

Heimildir: JÁM IV, 92.

### **Bo-063:003** Bakrangur, heimild um bústað

"Bakrangur hefur hjer í voru minni fyrir fjórum eður fimm árum tómthús verið, og nú niður fallið."

Heimildir: JÁM IV, 92.

### **Bo-063:004** heimild um skemmu

"Skjemma var hjer útihús í voru minni, og þá höfðu fyrir sjómannabúð. Biskupinn Mag. Brynjúlfur ljet hana hjer byggja ... Nú er hún í grunn niður fallin."

Heimildir: JÁM IV, 93.

### **Bo-063:005** Réttahús heimild um bústað

"Þar sem Heimaskagi stóð, stendur nú íshúsið H/F Ásmundur. Fyrir neðan það er Heimaskagasandur. ... Þeim megin [norðan] voru klettur. ... Fyrir neðan og sunnan þessa kletta var vör, sem kölluð var Háteigsvör eða Réttahúsvör. Í þessari vör var sett bryggja með steiptum steinstöplum."

Heimildir: Ö-Akranes, 4.

### **Bo-063:006** Breið bæjarstæði býli

10 hndr 1706. Bærinn Breið stóð neðst á Skaga, fremst á tá nessins. Hann fór í eyði í Básendaflóðinu 1799 og var byggðin þar ekki endurreist fyrr en 1874. "Þar voru þá engin hús uppi standandi", segir Ólafur B. Björnsson, en hlaðið steinhús: "Báðir veggir alveg úr steini, en steingafar aðeins upp að neðri gluggum, en timburgafar þar

fyrir ofan. Húsið var 11x5 ½ al. að stærð og var loft í því." Haraldur Böðvarsson keypti Breið 1916 og réðst í töluverðar breytingar. Húsið var rífið skömmu eftir 1930.

Sléttur, sendinn sjávarkambur, lítill jarðvegur en gróinn. Minjar um bæinn eru horfnar.

Heimildir: JÁM IV, 98; Uppdráttur Knud Zimsen og Ólafs Jónssonar 1901; Ö-Akranes, 5, 9; ÓBB Hversu Akranes byggðist, Akranes, 1945, IV. árg., 12. tbl., s. 150-151; Þorsteinn Jónsson: "Þættir úr sögu Akraness. Húsheiti á Akranesi fyrri hluti" 2 þáttur.

**Bo-063:007** *Hestbúðarhleinn* Örnefni

"Fyrir norðan ... Litlateigskletta er hleinn, sem heitir Hestbúðarhleinn ..." (sjá BO-067:010).

Heimildir: Ö-Akranes, 6.

**Bo-063:015** *Tobbbabær* heimild um býli

3 hndr. 1706, Tobbbabær, einnig nefnt Tjarnarkot eða Efravíti. Heimildir eru um tvö býli sem af líkum má ráða að hafi staðið á bökkunum upp af Vesturvík. Líklega stóð Tobbbabær norðar og vestar en Neðravíti [Bo-063:018], mögulega nærri Hestbúðartjörn (Bo-067:018) og Litlateigsklettum. Engar minjar eru sýnilegar um bæinn og óvíst hvort minjar um leynist þar enn.

Heimildir: Jón Böðvarsson: Akranes. Frá landnámi til 1885, 64; JÁM IV, 100.

**Bo-063:016** *Þórólfsbú* heimild um bústað

"... tómthús, kallað Þórólfsbú. var ljeð fyrir 10 eður 11 árum fátækum manni, sem Þórólfur hjet, og af því nafnkent; byggðin varaði 3 ár eður fjögur og fjell síðan í auðn." Tómthús frá Breið 006

Heimildir: JÁM IV, 98-99.

**Bo-063:017** *Breiðarbúð* heimild um verbúð

"Breiðarbúð er eignarbúð landsdrottins, húsfrúr Guðríðar, og heldur hún sjálf búðinni við ..." Verbúð frá Breið 006

Heimildir: JÁM IV, 99.

**Bo-063:018** *Sandgerði* heimild um býli

2 hndr 1706. Heimildir eru um tvö býli sem af líkum má ráða að hafi staðið á bökkunum upp af Vesturvík. Hið syðra er Sandgerði, einnig nefnt Neðravíti eða Þórispartur. Engar minjar eru sýnilegar um bæinn og óvíst hvort minjar um leynist þar enn.

Heimildir: JÁM IV, 99; ÓBB Hversu Akranes byggðist, Akranes, 1945, IV. árg., 12. tbl. Sandgerði s. 151.

**Bo-063:019** heimild um verbúð

"Verbúð er hjer ein, sú er landsdrottinn brúkar ..."

Verbúð frá Tobbbabæ 015.

Heimildir: JÁM IV, 100.

**Bo-063:025** *Sjóbúð* heimild um bústað

"Sjóbúð. 1875 er byggt þar steinhús af Árna Magnússyni, rífið 1948 af Haraldi Böðvarssyni."

Heimildir: Þorsteinn Jónsson: "Þættir úr sögu Akraness. Húsheiti á Akranesi fyrri hluti" 2 þáttur.

**Bo-063:027** *Nýibær* heimild um býli

Nýibær, einnig nefndur Nýjabúð eða Nýjabýli. Hans er fyrst getið 1785. Timburhús var reist þar 1883. Öll mannvirki viku þegar Bíóhöllin var byggð 1942. Neðan við bæinn eru Nýjabæjarklettur og norðar er Nýjabæjarsandur.

Heimildir: Uppdráttur Knud Zimsen og Ólafs Jónssonar 1901; ÓBB 1946, Hversu Akranes byggðist. Akranes, V. árg., 9-10. tbl., s. 95-96; Þorsteinn Jónsson: "Þættir úr sögu Akraness. Húsheiti á Akranesi fyrri hluti" 2 þáttur; J. Johnsen, 108-109.

**Bo-063:028** *Árnabúð* heimild um býli

"Í manntalinu 1785 er þess fyrst getið og þar virðist búið allt fram til ársins 1903, er Árnabúð leggst í eyði og eru húsini rífin það ár." [Hús og býli á Akranesi] Johnsen segir neðanmáls að prestur hafi einnig talið til hreppsins Skarðsbúð, Krosshús, Götu, Sandabæ, Árnabúð, Nýjabæ, Litlabæ, Hjallasand, Götuhaus, Traðarkot og Presthúsabúð, en vegna þess að hvorki sýslumaður né nokkur jarðabók nefni þessi býli sleppi hann þeim.

Nærri þar sem Árnabúð stóð reis lítið hús, Staðarbakkur: "pappaklætt timburhús, eitt herbergi og eldhús undir risi en inngangsskúr þar fyrir framan. ...Ég man seinna eftir reiðhjólaverkstæði í húsinu. Það var svo rífið." (GS)

Neðan við var reist hús til fiskverkunar: “fiskaðgerðarhús með áföstum beitningaskúrum. Það hús byggði Árni í Sóleyjartungu árið 1932. Margir bátar höfðu aðstöðu í húsinu í gegnum árin.” (Gísli Sigurðsson 2003).

Heimildir: Uppdráttur Knud Zimsen og Ólafs Jónssonar 1901; ÓBB 1946, Hversu Akranes byggðist. Akranes, V. árg., 7-8. tbl., s. 79, og frh árg 9-10. tbl, s. 95; Þorsteinn Jónsson: "Þættir úr sögu Akraness. Húsheiti á Akranesi fyrri hluti" 2 þáttur; Þorsteinn Jónsson, Hús og býli á Akranesi; Johnsen, 108-109; Gísli S. Sigurðsson (2003). Valsað um Vesturgötu. *Árbók Akurnesinga*, 3. árg., bls. 193-208.

**Bo-063:033 Kárabær** heimild um bústað

Kárabær er fyrst byggður úr Bræðrapartslandi...1864 byggir Þorsteinn Sveinsson steinbæ á Bræðraparti og líklegt er að hann hafi gefið Kára Gunnarsyni, sem bærinn er við kenndur, eftir bæinn og þann litla lóðarkrika sem bænum fylgdi síðan... en þetta býli er fyrst nefnt Kárabær í manntalinu 1871 og eru þá búsettar þar tvær fjölskyldur. [Hús og býli á Akranesi].

Heimildir: Þorsteinn Jónsson: "Þættir úr sögu Akraness. Húsheiti á Akranesi fyrri hluti" 2 þáttur.

**Bo-063:070 Snæbjarnarhús** heimild um bústað

"Snæbjarnarhús, byggt 1874-76 af Snæbirni kaupm. Þorvaldssyni. 1903 voru húsin flutt til Reykjavíkur."

Gísli "...Snæbjarnarhús, verslun Snæbjarnar Þorvaldssonar, bróður Böðvars, skammt þar frá sem Hofteigur stendur nú. Þau byggði Snæbjörn kaupmaður á árunum 1874 – 76...: „Timburiveruhús skífuklætt, 12x10 álnir, 1 loft, 3 stofur, 3 ofnar og eldunarvél. Sölubúð 16x12 álnir, einfalt tréþak, 1 loft og kjallari undir öllu húsinu. Skúr 12x10 álnir. Heyhús 9x5 álnir.“ Snæbjörn verslaði þarna til ársins 1894 en þá kaupir Thor Jensen húsin. Hann rak þar verslun í nokkur ár en húsin voru rifin árið 1903 og flutt til Reykjavíkur. ”

Heimildir: Uppdráttur Knud Zimsen og Ólafs Jónssonar 1901; Þorsteinn Jónsson: "Þættir úr sögu Akraness. Húsheiti á Akranesi fyrri hluti" 2 þáttur; Gísli S. Sigurðsson (2003). Valsað um Vesturgötu. *Árbók Akurnesinga*, 3. árg., bls. 193-208.

**Bo-063:080 Péturshús** heimild um bústað

1697: “En skipa uppsáturum á syðri partinum var so skipt, að Þórði Jónssyni [fyrir Heimaskaga, Breið og Háteig] tilheyrir sá austasti afmarkaði partur í Heimaskagasandi, en Hákonni [fyrir Ívarshús og Efstateig] miðparturinn, og tveggja skipa uppsátur við Péturshús, en Magnúsi Sigurðssyni [fyrir Sýrupart efra] vestasti parturinn.”

Heimild: jarðaskiptabréf frá 18.6.1697 pr í Ólafur B. Björnsson: Saga Akraness I, 36.

**Bo-063:081 Halldórshús** bústaður

Halldórshús var timburhús byggt 1877 og stóð á horni Vesturgötu og Bakkatúns. “Það er með fyrstu húsum á Skaga sem er byggt á kjallara nokkuð upp úr jörð. Húsið var upphaflega með einföldum skúr við suðurgafli og var eldhúsið haft í kjallaranum.” Nýr eigandi breytti því eftir 1897: “Hann lengdi það um 3 álnir og byggði á það port, reif skúrinn við suðurendann og byggði skúr þann er síðan stóð við vesturenda þess. ....”

Halldórshús brann 1963. Ekki hefur verið byggt þar síðan en lóðin nýtt sem bílastæði við Bíóhöllina.

Heimildir: Uppdráttur Knud Zimsen og Ólafs Jónssonar 1901; Þorsteinn Jónsson: "Þættir úr sögu Akraness. Húsheiti á Akranesi fyrri hluti" 2 þáttur; Gísli S. Sigurðsson (2003). Valsað um Vesturgötu. *Árbók Akurnesinga*, 3. árg., bls. 193-208.

**Bo-063:082** heimild um útihús

Útihús stóð við vesturgafli Halldórshúss, en er horfið.

Heimildir: Uppdráttur Knud Zimsen og Ólafs Jónssonar 1901.

**Bo-063:083** heimild um brunn

Brunnur var skammt suðvestan við Halldórshús.

Heimildir: Uppdráttur Knud Zimsen og Ólafs Jónssonar 1901.

**Bo-063:084** garðlag

Á uppdrætti frá 1901 er sýndur sjóvarnargarður norðan við Nýjabæjarvör

Heimildir: Uppdráttur Knud Zimsen og Ólafs Jónssonar 1901.

**Bo-063:085** heimild um útihús

Útihús frá Nýjabæ stóð 5 m NA við bæinn 1901.

Heimildir: Uppdráttur Knud Zimsen og Ólafs Jónssonar 1901.

**Bo-063:086** heimild um útihús

Útihús stóð við suðurhorn Nýjabæjar 1901.

Heimildir: Uppdráttur Knud Zimsen og Ólafs Jónssonar 1901.

Bo-063:087 heimild um brunn

Brunnur var við suðurhorn Nýjabæjar 1901.

Heimildir: Uppdráttur Knud Zimsen og Ólafs Jónssonar 1901.

Bo-063:088 Nýjabæjarvör

Lending var í fjörunni beint norður af Nýjabæ.

Heimild: Ásmundur Ólafsson, 2016. Við Lambhúsasund á Akranesi. Fyrstu kaupmennirnir – fyrsti miðbærinn. Skessuhorn 19. árg., 29., tbl. s. 24-25.

Bo-063:089 verslun S.

Heimildir: Uppdráttur Knud Zimsen og Ólafs Jónssonar 1901.

Bo-063:090 varnargarður neðan við Snæbjarnarhús og Nýjabæ

Heimildir: Uppdráttur Knud Zimsen og Ólafs Jónssonar 1901.

Bo-063:091 garðlag austan við Árnabúð

Heimildir: Uppdráttur Knud Zimsen og Ólafs Jónssonar 1901.

Bo-063:092 hleðsla vestan við Hofteig

Heimildir: Uppdráttur Knud Zimsen og Ólafs Jónssonar 1901.

Bo-063:093 Hofteigur bústaður

Árið 1908 var reist timburhús á lóð Snæbjarnarhúsa, þ.e. Vesturgata 23 og nefnt Hofteigur. Það var flutt 2011 að Krókatúni 1, og lóðin jöfnuð út. Kippkorn sunnar stóðu Indriðastaðir (Vesturgata 21). Það hús brann 1979.

Heimildir: Uppdráttur danska Herforingjaráðsins, 1908; Gísli S. Sigurðsson (2003). Valsað um Vesturgötu. *Árbók Akurnesinga*, 3. árg., bls. 193-208.

Bo-063:094 brunnur austan við Hofteig

Heimildir: Uppdráttur Knud Zimsen og Ólafs Jónssonar 1901.

Bo-063:095 Steinsbúð

“Á millum þessa býlis, Lambhúsa, og þess sem næst áður er talið, Tjarnarkot, liggja verbúðir, sem hvörugt býlið Lambhús nje Tjarnarkot eigna sjer. Þær heita so: ...Steinsbúð.” Verbúð gömul, nú í grunn niður fallin, so valla sjást tóftaleifar, hefur full 20 ár í auðn verið, hennar forni veggur er áfastur við búðina Blesu, sem Lambhúsum fylgir”.

Heimildir: JÁM, V., s. 101-102.

Bo-063:096 Fjósið

Fjós stóð norðan við Heimaskaga og hefur líklega lent undir Hafnarbraut.

Heimildir: Gunnlaugur Haraldsson, *Saga Akraness I-II*, Akranes, 2011.

Bo-063:097 heimild um brunn

Brunnur var norðan við Heimaskaga

Heimildir: Uppdráttur Knud Zimsen og Ólafs Jónssonar 1901.

Bo-063:098 garðlag

Garður var hlaðinn um Heimaskaga.

Heimildir: Uppdráttur Knud Zimsen og Ólafs Jónssonar 1901.

Bo-063:099 kálgarður

Kálgarðar voru kringum bæinn í Heimaskaga.

Heimildir: Uppdráttur Knud Zimsen og Ólafs Jónssonar 1901.

Bo-063:100 útihús

Útihús stóð 1901 NV við Heimaskaga.

Heimildir: Uppdráttur Knud Zimsen og Ólafs Jónssonar 1901.

Bo-063:101 útihús

Útihús stóð 1901 SA við Heimaskaga.

Heimildir: Uppdráttur Knud Zimsen og Ólafs Jónssonar 1901.

Bo-063:102 útihús

Útihús stóð 1901 SA við Heimaskaga og fornleif nr. 101

Heimildir: Uppdráttur Knud Zimsen og Ólafs Jónssonar 1901.

Bo-063:103 hús Thor Jensen

Heimildir: Uppdráttur Knud Zimsen og Ólafs Jónssonar 1901.

Bo-063:104 bryggja

Bryggja var í Steinsvör

Heimildir: Uppdráttur Knud Zimsen og Ólafs Jónssonar 1901.

Bo-063:105 Heimaskagavör lending

Lending var niðurundan Heimaskaga, austast á Heimaskagasandi.

Heimildir: JÁM IV, s. 92; Ásmundur Ólafsson, Heilu skipi siglt í höfn. *Árbók Akurnesinga* 2012, s. 32.

Bo-063:106 Miðteigsvör lending

Heimildir: Ásmundur Ólafsson, Heilu skipi siglt í höfn. *Árbók Akurnesinga* 2012, s. 32.

Bo-063:107 Háteigsvör (Réttarhúsavör) lending

Heimildir: Ásmundur Ólafsson, Heilu skipi siglt í höfn. *Árbók Akurnesinga* 2012, s. 32.

Bo-063:108 Steinsvör lending

Heimildir: Ásmundur Ólafsson, Heilu skipi siglt í höfn. *Árbók Akurnesinga* 2012, s. 32.

**Bo-063:109** heimild um fiskreit

“Þá gerði Thor Jensen stóran fiskreit norð-vestan við stórt fiskhús er hann reisti við Steinsvör...”

Heimildir: ÓBB 1945, Akranes, 4. árg, 3-4. tbl., s. 35.

Bo-063:110 heimild um útihús

Útihús stóð suðvestan við bæ í Breið

Heimildir: Uppdráttur Knud Zimsen og Ólafs Jónssonar 1901.

Bo-063:111 Þilbúð heimild um bústað

Í Þilbúð var búið á ofanverðri 18. öld. Ólafur B. Björnsson telur hana hafa staðið nærri Heimaskaga. Staðsetning óþekkt að öðru leyti.

Heimildir: ÓBB 1946, Akranes, V. árg., 7-8. tbl, s. 79.

Bo-063:112 bryggja við verslun Snæbjarnar

Heimildir: Uppdráttur Knud Zimsen og Ólafs Jónssonar 1901.

**Bo-063:113** heimild um fiskreit

“... Byggðir eru stórir reitar á...Heimaskagalóð ...”

Heimildir: ÓBB 1945, Akranes, 4. árg, 3-4. tbl., s. 35.

**Bo-063:114** skurður

Á uppdrætti frá 1901 er sýndur skurður austarlega í Mýrinni, norðan Efri-Sýruparts.

Heimildir: Uppdráttur Knud Zimsen og Ólafs Jónssonar 1901.

**Bo-063:115** Báran samkomuhús

Báran stóð við Bárugötu og var helsti samkomustaður Akurnesinga á fyrri hluta 20. aldar. Þar voru haldnir dansleikir, tónleikar og kvikmyndasýningar. Húsið var reist 1906 en brann 1951.

Heimildir: merkt sem forsamlingshus nr 21 á uppdrætti danska Herforingjaráðsins, 1908.

**Bo-063:116** hleðsla

Hlaðnir garðar voru við Breið 1901.

Heimildir: Uppdráttur Knud Zimsen og Ólafs Jónssonar 1901.

**Bo-063:117** heimild um útihús

Útihús stóð 150 m í norður frá bæ í Breið, í kverk milli sjóvarnargarðs og túngarðs.  
Heimildir: Uppdráttur Knud Zimsen og Ólafs Jónssonar 1901.

**Bo-063:118** heimild um hjall

“Nokkru seinna [eftir 1874] byggði Eiríkur og timburhjall 7x5 al.” Hjallurinn gæti hafa staðið á eða nærri bæjarhlaðinu.

Heimildir: ÓBB Hversu Akranes byggðist, Akranes, 1945, IV. árg., 12. tbl., s. 150-151.

**Bo-063:119** heimild um skemmu

“Nokkru seinna [eftir 1874] byggði Eiríkur...steinbyggða skemmu 7x5 al.” Hjallurinn gæti hafa staðið á eða nærri bæjarhlaðinu.

Heimildir: ÓBB Hversu Akranes byggðist, Akranes, 1945, IV. árg., 12. tbl., s. 150-151.

**Bo-063:120** heimild um sjóvarnargarð

“Á Breiðinni voru grjótagarðar miklir...sjóvarnagarðar um allt túnið, ... Alla þessa aðalgarða mun Halldór hreppstjóri Halldórsson hafa byggt [um 1840], en Eiríkur [Tómasson, bóndi á Breið] endurbætti þá og hélt þeim við.... Nokkuð mun hann og hafa gert að því, að treysta hina fyrri sjóvarnargarða með því að gera þá en þykkari en þeir voru.”

Heimildir: ÓBB Hversu Akranes byggðist, Akranes, 1945, IV. árg., 12. tbl., s. 150-151.

**Bo-063:121** heimild um kálgarð

Á uppdrætti 1908 er sýndur kálgarður 20 m NV við bæ, sem liggur meðfram sjóvarnargarðinum norðanmegin við túnið. “Á Breiðinni voru grjótagarðar miklir, ekki aðeins sem sjóvarnagarðar um allt túnið, heldur og um kálgarða, sem voru fyrir neðan húsið. Alla þessa aðalgarða mun Halldór hreppstjóri Halldórsson hafa byggt, en Eiríkur [Tómasson, bóndi á Breið] endurbætti þá og hélt þeim við. Líklega hefur hann og hlaðið eitthvað af görðum umhverfis kálgarðana. Nokkuð mun hann og hafa gert að því, að treysta hina fyrri sjóvarnargarða með því að gera þá en þykkari en þeir voru.”

Heimildir: Uppdráttur Herföngjaráðsins 1908; ÓBB Hversu Akranes byggðist, Akranes, 1945, IV. árg., 12. tbl., s. 150-151.

**Bo-063:122** heimild um miðunarstöð

Miðunarstöð stóð við ströndina að sunnanverðu, um 50 m norðaustan við bæinn í Breið.

**Bo-063:123** heimild um fiskreit

Haraldur Böðvarsson kaupir Breið 1916 og “reif öll hús á Breiðinni og gerði þar mikla fiskreiti.”

Heimildir: ÓBB Hversu Akranes byggðist, Akranes, 1945, IV. árg., 12. tbl., s. 150-151.

**Bo-063:124** lausafundur

1949 fann Sigurður Þórarinnsson jarðfræðingur tálgað rostungsbein nærri Steinsvör á Akranesi. Nákvæmur fundarstaður er óþekktur.

Heimildir: „Rostungsbein „telgd af mannahöndum“ finnast undir meðalfjörumáli á Akranesi“, *Þjóðviljinn*, 31.8.1949.

**Bo-063:125** Cleveland Camp herminjar

Braggahverfi suðvestan Neðri-Lambhúsa.

Er Bretland hernam Ísland vorið 1940 var breskt herlið sent strax upp á Skaga og setti þar upp búðir. Reistir voru braggar í tveimur þyrpingum sunnan og vestan við Neðri-Lambhús og önnur mannvirki. Tilefnið var m.a. að hafa eftirlit með Hvalfirði. Herinn dvaldi á Akranesi í hálf ár, en nokkrum árum síðar voru braggarnir teknir niður og m.a. fluttir inn í Hvalfjörð og önnur ummerki hafa að mestu horfið.

Eftir frásögn Hafsteins Sigurbjörnssonar: “Það voru byggðir 10-15 braggar á Skaganum; átta þeirra voru m.a. á Vesturgötunni og einn á Breiðinni þar sem steyptur var veggur í kring.”

Heimildir: Magnús Magnússon, Þegar breski herinn hernam Akranes, Skessuhorn 24. árg., 6. tbl., 10. Febrúar 2021, s. 16-18

**Bo-063:125:001** braggi

Heimildir: Loftmynd 20.8.1942 GX-12516-050

**Bo-063:125:002** braggi

Heimildir: Loftmynd 20.8.1942 GX-12516-050

Bo-063:125:003 braggi  
Heimildir: Loftmynd 20.8.1942 GX-12516-050

Bo-063:125:004 braggi  
Heimildir: Loftmynd 20.8.1942 GX-12516-050

Bo-063:125:005 braggi  
Heimildir: Loftmynd 20.8.1942 GX-12516-050

Bo-063:125:006 braggi  
Heimildir: Loftmynd 20.8.1942 GX-12516-050

Bo-063:125:007 braggi  
Heimildir: Loftmynd 20.8.1942 GX-12516-050

Bo-063:125:008 braggi  
Heimildir: Loftmynd 20.8.1942 GX-12516-050

Bo-063:125:009 braggi  
Heimildir: Loftmynd 20.8.1942 GX-12516-050

Bo-063:125:010 braggi  
Heimildir: Loftmynd 20.8.1942 GX-12516-050

Bo-063:125:011 braggi  
Heimildir: Loftmynd 20.8.1942 GX-12516-050

Bo-063:125:012 braggi  
Heimildir: Loftmynd 20.8.1942 GX-12516-050

Bo-063:125:013 braggi  
Heimildir: Loftmynd 20.8.1942 GX-12516-050

Bo-063:125:014 braggi  
Heimildir: Loftmynd 20.8.1942 GX-12516-050

Bo-063:125:015 braggi  
Heimildir: Loftmynd 20.8.1942 GX-12516-050

Bo-063:125:016 braggi  
Heimildir: Loftmynd 20.8.1942 GX-12516-050

Bo-063:125:017 braggi  
Heimildir: Loftmynd 20.8.1942 GX-12516-050

Bo-063:125:018 braggi  
Heimildir: Loftmynd 20.8.1942 GX-12516-050

Bo-063:125:019 braggi  
Heimildir: Loftmynd 20.8.1942 GX-12516-050

Bo-063:125:020 braggi  
Heimildir: Loftmynd 20.8.1942 GX-12516-050

Bo-063:125:021 braggi  
Heimildir: Loftmynd 20.8.1942 GX-12516-050

Bo-063:125:022 veggur  
Eftir frásögn Hafsteins Sigurbjörnssonar: “Það voru byggðir 10-15 braggar á Skaganum; átta þeirra voru m.a. á Vesturgötunni og einn á Breiðinni þar sem steypur var veggur í kring.”

Heimildir: Loftmynd 20.8.1942 GX-12516-050 Magnús Magnússon, Þegar breski herinn hernam Akranes, Skessuhorn 24. árg., 6. tbl., 10. Febrúar 2021, s. 16-18

Bo-063:126 Marley Road herminjar

Braggahverfi vestan Neðri-Lambhúsa, vestan megin við Vesturgötu sem herliðið kallaði Marley Road. Er Bretland hernam Ísland vorið 1940 var breskt herlið sent strax upp á Skaga og setti þar upp búðir. Reistir voru braggar í tveimur þyrpingum sunnan og vestan við Neðri-Lambhús og önnur mannvirki. Tilefnið var m.a. að hafa eftirlit með Hvalfirði. Herinn dvaldi á Akranesi í hálf ár, en nokkrum árum síðar voru braggarnir teknir niður og m.a. fluttir inn í Hvalfjörð og önnur ummerki hafa að mestu horfið. Eftir frásögn Hafsteins Sigurbjörnssonar: “Það voru byggðir 10-15 braggar á Skaganum; átta þeirra voru m.a. á Vesturgötunni og einn á Breiðinni þar sem steypur var veggur í kring.”

“Á stríðsárunum stóðu svo þarna her- mannskálar. Nú stendur þarna ... Vesturgata 17.” (GS).

Heimildir: Magnús Magnússon, Þegar breski herinn hernam Akranes, Skessuhorn 24. árg., 6. tbl., 10. Febrúar 2021, s. 16-18; Heimildir: Gísli S. Sigurðsson (2003). Valsað um Vesturgötu. *Árbók Akurnesinga*, 3. árg., bls. 193-208.

Bo-063:126:001 heimild um bragga

Heimildir: Loftmynd 20.8.1942 GX-12516-050

Bo-063:126:002 heimild um bragga

Heimildir: Loftmynd 20.8.1942 GX-12516-050

Bo-063:126:003 heimild um bragga

Heimildir: Loftmynd 20.8.1942 GX-12516-050

Bo-063:126:004 heimild um bragga

Heimildir: Loftmynd 20.8.1942 GX-12516-050

Bo-063:126:005 heimild um bragga

Heimildir: Loftmynd 20.8.1942 GX-12516-050

Bo-063:126:006 heimild um stjórnstöð

Norðaustan við þar sem braggaröðin reis er Vesturgata 19 er stórt steinhús með kjallara sem reist var 1932. Gísli Sigurðsson: “... á stríðsárunum hafði breski herinn afnot af einni hæðinni og var þar einskonar stjórnstöð hans á þeim tíma.”

Heimildir: Gísli S. Sigurðsson (2003). Valsað um Vesturgötu. *Árbók Akurnesinga*, 3. árg., bls. 193-208.

Bo-063:127 heimild um fallbyssustæði

Eftir frásögn Hafsteins Sigurbjörnssonar: “reistu Bretarnir tvo palla fyrir loftvarnabyssur. Annan niður á Breið ... Þessir pallar voru kringlóttir úr járn og um þrír metrar í þvermál og stóðu á staurum fet frá jörðu”

Heimildir: Magnús Magnússon, Þegar breski herinn hernam Akranes, Skessuhorn 24. árg., 6. tbl., 10. Febrúar 2021, s. 16-18

Bo-063:128 heimild um fallbyssustæði

Eftir frásögn Hafsteins Sigurbjörnssonar: “reistu Bretarnir tvo palla fyrir loftvarnabyssur. Annan ... en hinn á Grenjum. Þessir pallar voru kringlóttir úr járn og um þrír metrar í þvermál og stóðu á staurum fet frá jörðu”

Heimildir: Magnús Magnússon, Þegar breski herinn hernam Akranes, Skessuhorn 24. árg., 6. tbl., 10. Febrúar 2021, s. 16-18.

Bo-063:129 heimild um salthús

Salthús var nærri Heimaskaga, samkvæmt bréfabók Brynjólfs Sveinssonar 1658-1660.

Heimild: Lbs 1081 4to, s.67-70.

## Bo-064 Efri Sýrupartur

3. hndr. 1706. "Utan við Heimaskaga var Heimaskagasandur, inn úr honum voru varirnar Heimaskagavör og Steinsvör. ... Þar utan við voru Efri- og Neðri-Sýrupartur og Bræðrapartur, og þar móts við var Skarfavör. Þetta svæði utan við Heimaskaga er athafnarsvæði Haralds Böðvarssonar og Co." (BB II, 391).

Heimildir: Uppdráttur Knud Zimsen og Ólafs Jónssonar 1901; ÓBB, Hversu Akranes byggðist, Akranes IV ár, 8; BB II, 391.

**Bo-064:001** Efri Sýrupartur bæjarhóll bústaður  
Byggður steinbær 1900. Öll útihús sem tilheyrðu Efri Sýruparti eru horfin. Hér stendur nú fiskvinnsluhús HB við Breiðargötu.

Heimildir: Uppdráttur Knud Zimsen og Ólafs Jónssonar 1901; ÓBB, Hversu Akranes byggðist, Akranes IV ár, 8. tbl. s. 90-91 og 9-10. tbl s. 105-107; Ólafur B. Björnsson: Saga Akraness I, 113.

**Bo-064:002** Bræðrabúð heimild um bústað  
"Tómthús er á þessum parti, kallað Bræðrabúð, bygð fyrst þar sem aldrei hafði fyr hús verið ..."  
Heimildir: JÁM IV, 93-94.

**Bo-064:003** heimild um bústað  
"Annað tómthús byggt fyrst fyrir tólf árum, þar sem aldrei hafði fyrr hús verið."  
Heimildir: JÁM IV, 94.

**Bo-064:004** Pálsbúð heimild um verbúð  
"Verbúð. Ein kölluð Pálsbúð."  
Heimildir: JÁM IV, 94.

**Bo-064:005** Norðurbúð heimild um verbúð  
"Norðurbúð, vermannabúð önnur, brúkast ár um kring utan sláttar ..." Staðsetning óþekkt. Ólafur B. Björnsson telur hana mögulega hafa staðið skammt norðan við Heimaskaga.  
Heimildir: JÁM IV, 94; ÓBB 1946, Akranes, V. árg., 7-8 tbl, s. 79.

**Bo-064:006** Brinkahús heimild um bústað  
"NB. Tómthús hafa hjer enn nú verið, annað af því var kallað: Brinkahús eður Brinkabúð, byggt fyrst fyrir innan 40 ára, og niðurfallið aftur í auðn fyrir þremur árum."  
Heimildir: JÁM IV, 94.

**Bo-064:007** Kallakindarhús heimild um bústað  
"NB. Tómthús hafa hjer enn nú verið, annað af því var kallað: ... Kallakindarhús, enn nú tómthús, byggt fyrri en nálægir minnast. Hjelst þetta húsnaði til þess fyrir átta árum."  
Heimildir: JÁM IV, 94.

**Bo-064:008** heimild um hlöðu  
"Sunnanvert við bærinn [byggðan 1900] byggði hann og skúr úr timbri sem hann notaði sem hlöðu."  
Heimildir: Uppdráttur Knud Zimsen og Ólafs Jónssonar 1901; Ólafur B. Björnsson: Saga Akraness I, 113.

**Bo-064:009** garðlag  
"Þá lét hann hlaða grjótgarð mikinn fyrir framan lóðina ..."  
Heimildir: Uppdráttur Knud Zimsen og Ólafs Jónssonar 1901; Ólafur B. Björnsson: Saga Akraness I, 113.

**Bo-064:010** skurður  
Á uppdrætti frá 1901 er sýndur skurður norðan við Efri-Sýrupart  
Heimildir: Uppdráttur Knud Zimsen og Ólafs Jónssonar 1901.

## **Bo-065 Neðri Sýrupartur**

3 hndr. 1706. "Útan við Heimaskaga var Heimaskagasandur, inn úr honum voru varirnar Heimaskagavör og Steinsvör. ... Þar utan við voru Efri- og Neðri-Sýrupartur og Bræðrapartur, og þar móts við var Skarfavör. Þetta svæði utan við Heimaskaga er athafnasvæði Haralds Böðvarssonar og Co."

Heimildir: BB II, 391.

**Bo-065:001** Neðri Sýrupartur bæjarhóll bústaður  
Timburhús var reist á Neðra Sýruparti (Breiðargötu 8) 1873. Það er elsta hús á Akranesi og flutt á Byggðasafnið í Görðum 1990.  
Grasi vaxinn skiki utan við athafnasvæði HB. Hér er jarðvegur lítill, en landbrot hefur verið talsvert áður.  
Heimildir: Uppdráttur Knud Zimsen og Ólafs Jónssonar 1901; Þorsteinn Jónsson: "Þættir úr sögu Akraness. Húsheiti á Akranesi fyrri hluti" 2 þáttur.

**Bo-065:002** *Gunnarshús* heimild um býli

"Gunnarshús, byggt þar sem aldrei hafði fyr bygð verið fyrir sjö eður átta árum. Það brúkaði Gunnar Þorvarðsson eigandi þessa jarðparts, þar til Björn Pálsson með skriflegu leyfi eigandans Gunnars tók sér húsið til brúkunar ..."

Ekki er ljóst hverskonar hús þetta hefur verið, tómthús eða býli.

Heimildir: JÁM IV, 95.

**Bo-065:003** *Hannesarhús* heimild um bústað

"Hannesarhús, gamalt tómthús, fram yfir 50 ár, helst enn nú við." Ólafur B. Björnsson taldi að Hannesarhús hafi staðið nærri Miðsýruparti.

Heimildir: JÁM IV, 95; nærri ÓBB 1946, Akranes, V. árg., 7-8. tbl., s. 79.

**Bo-065:004** *Orrusta* heimild um verbúð

"Vermannabúðir. Orrusta, sjómannabúð gömul, framyfir manna minni."

Heimildir: JÁM IV, 96.

**Bo-065:005** *Mið-Sýrupartur* heimild um býli

"Árið 1857, virðist fyrst nefndur Mið-Sýrupartur."

Heimildir: Ólafur B. Björnsson: Saga Akraness I, 98.

**Bo-065:006** heimild um bústað

"1896 lét hreppurinn byggja þarna rétt hjá [001], hús yfir Ólaf "gossara" og eftir Ólafi bjuggu þarna "Steini-Dan" og "Steina-Sigga", en eftir þeirra dag keypti Haraldur Böðvarsson húsið til niðurrifs."

Heimildir: Þorsteinn Jónsson: "Þættir úr sögu Akraness. Húsheiti á Akranesi fyrri hluti" 2 þáttur.

**Bo-065:007** hleðsla

Garðlag liggur meðfram sjónum, frá á móts við bæjarstæðið til suðvesturs. Er hleðslan sýnd á uppdrætti frá 1901.

Heimildir: Uppdráttur Knud Zimsen og Ólafs Jónssonar 1901.

**Bo-065:008** tóft

Við suðurenda hleðslunnar (007) er lítil tóft. Er sýnt útihús á þessum stað á uppdrætti frá 1901.

Heimildir: Uppdráttur Knud Zimsen og Ólafs Jónssonar 1901.

**Bo-065:009** heimild um útihús

Á uppdrætti frá 1901 er sýnd þyrping þriggja útihúsa sjávarmegin við bæinn.

Heimildir: Uppdráttur Knud Zimsen og Ólafs Jónssonar 1901.

**Bo-065:010** heimild um útihús

Á uppdrætti frá 1901 er sýnd þyrping þriggja útihúsa sjávarmegin við bæinn.

Heimildir: Uppdráttur Knud Zimsen og Ólafs Jónssonar 1901.

**Bo-065:011** heimild um útihús

Á uppdrætti frá 1901 er sýnd þyrping þriggja útihúsa sjávarmegin við bæinn.

Heimildir: Uppdráttur Knud Zimsen og Ólafs Jónssonar 1901.

**Bo-065:012** heimild um brunn

Á uppdrætti frá 1901 er brunnur NV við bæinn.

Heimildir: Uppdráttur Knud Zimsen og Ólafs Jónssonar 1901.

**Bo-065:013** heimild um kálgarð

Á uppdrætti frá 1901 er kálgarður SV og NA við bæinn.

Heimildir: Uppdráttur Knud Zimsen og Ólafs Jónssonar 1901.

**Bo-065:014** heimild um skurð

Á uppdrætti frá 1901 er sýndur skurður sem hefur verið grafinn til að ræsa fram Mýrina. Liggur hann frá mýrinni til VSV í átt að bænum.

Heimildir: Uppdráttur Knud Zimsen og Ólafs Jónssonar 1901.

**Bo-066 Bræðrapartur**

5. hndr. 1706. Bræðrapartur er næsti bær suðvestan við Sýruparta og stendur við Skarfavör. Bræðrapartur fór í eyði í Básendaflóði í byrjun árs 1799, en byggðist aftur 1828. 1917: 20,702 ha, garðar 150 m<sup>2</sup>, 1/4 sléttað, 3/4 þýft.

Heimildir: Túnakort 1917; ÓBB Hversu Akranes byggðist, Akranes, 1945, IV. árg., 9.tbl., s. 107 og 11. tbl., s. 124-125; Ólafur B. Björnsson: Saga Akraness I, 127-128, 130.

**Bo-066:001**      *Bræðrapartur*      bæjarhóll      bústaður

Á Bræðraparti var torfbær sem væntanlega hefur eyðst í flóði 1799. Síðan rís þar torfbær um 1828 og er hann rifinn 1908. "... á Bræðraparti hefur verið byggður steinbær árið 1864. ... Ekki var þetta algert steinhús, aðeins hliðar og norðurgafli. Suðurgafli var úr timbri, en bærinn var portbyggður." "Árið 1908 rífur Jón svo báða bæina og byggir þar [timbur-]hús" Í kring er slétt grösug flöt og malarinnkeyrsla, en mjög lítill jarðvegur. Landið hefur brotið talsvert sunnan. Á bæjarhláðinu stendur timburskúr frá seinni tíð.

Heimildir: Túnakort 1917; ÓBB Hversu Akranes byggðist, Akranes, 1945, IV. árg., 9.tbl., s. 107 og 11. tbl., s. 124-125; Ólafur B. Björnsson: Saga Akraness I, 127-128, 130.

**Bo-066:001:001** *Bræðrapartur*      heimild um steinbæ

"... á Bræðraparti hefur verið byggður steinbær árið 1864. ... Ekki var þetta algert steinhús, aðeins hliðar og norðurgafli. Suðurgafli var úr timbri, en bærinn var portbyggður." Húsið var rífið 1908.

Heimildir: Túnakort 1917; ÓBB Hversu Akranes byggðist, Akranes, 1945, IV. árg., 11. tbl. Breið s. 124-125; Ólafur B. Björnsson: Saga Akraness I, 127-128, 130.

**Bo-066:001:002** *Bræðrapartur*      timburhús bústaður

"Árið 1908 rífur Jón svo báða bæina og byggir þar hús það sem enn stendur." Húsið var flutt að Suðurgötu 20, Akranesi 2007. Slétt grösug flöt og malarinnkeyrsla, en mjög lítill jarðvegur. Landið hefur brotið talsvert sunnan.

Heimildir: Túnakort 1917; ÓBB Hversu Akranes byggðist, Akranes, 1945, IV. árg., 11. tbl. Breið s. 124-125; Ólafur B. Björnsson: Saga Akraness I, 127-128, 130.

**Bo-066:002**      heimild um útihús

Stóð 35 m suðvestan við bæinn.

Heimildir: Túnakort 1917.

**Bo-066:003**      *Kappabúð*      heimild um verbúð

"Kappabúð, uppbygð fyrir tólf árum eður litlu meir, þar sem aldri hafði fyrr búð verið ... Hún helst til þess enn í dag."

Heimildir: JÁM IV, 97.

**Bo-066:004**      *Sæmundarbúð*      heimild um verbúð

"Sæmundarbúð, bygð fyrst á vorum dögum ..."

Heimildir: JÁM IV, 97.

**Bo-066:005**      *Bjarnabúð/Smiðjubúð*      heimild um verbúð

"Bjarnabúð [sama og Smiðjubúð samkvæmt athugasemd á spássíu], gömul sjóbúð, eldri en menn minnst"

Heimildir: JÁM IV, 97.

**Bo-066:006**      *Stórabúð*      heimild um verbúð

"Stórabúð, eydd fyrir 20 árum."

Heimildir: JÁM IV, 97.

**Bo-066:007**      *Guðmundarhús*      heimild um verbúð

"Stórabúð, eydd fyrir 20 árum. Guðmundarhús, eydd litlu síðar. ... hún var að öndverðu bygð til aðsetursvistar Guðmundar sál. Jónssyni, meðan hann hafði hér sýslu, eður nokkru fyrr, en lagðist til sjómannabúðar, þá er hann forljet."

Heimildir: JÁM IV, 97-98.

**Bo-066:008**      *Borgarbúð*      heimild um verbúð

"Borgarbúð eydd allra seinast, og í grunn fallin næstliðið ár."

Heimildir: JÁM IV, 97-98.

**Bo-066:009** hleðsla

Á uppdrætti frá 1901 er sýnt garðlag örskammt vestan við bæinn á merkjum móti Neðra Sýruparti.

Heimildir: Uppdráttur Knud Zimsen og Ólafs Jónssonar 1901.

**Bo-066:010** útihús

Útihús stóð nærri sjóvarnargarði [011] vestanmegin, um 180 m VSV við bæinn.

Heimildir: Túnakort 1917.

**Bo-066:011** hleðsla sjóvarnargarður

Á uppdrætti frá 1901 er sýnt garðlag meðfram vesturströnd jarðarinnar, upp af Víkum.

Heimildir: Uppdráttur Knud Zimsen og Ólafs Jónssonar 1901.

**Bo-066:012** skurður til norðurs frá Bræðraparti

Á uppdrætti frá 1901 er sýndur skurður meðfram austurjaðri jarðarinnar, sem liggur frá Mýrinni til suðurs með stefnu að bænum.

Heimildir: Uppdráttur Knud Zimsen og Ólafs Jónssonar 1901.

**Bo-066:013** heimild um hleðslu

Á uppdrætti frá 1901 er sýnd hleðsla suðvestan við Bræðrapart sem nær utan un útihús 002 og 010.

Heimildir: Uppdráttur Knud Zimsen og Ólafs Jónssonar 1901.

**Bo-066:014** heimild um útihús

Á uppdrætti frá 1901 er sýnt útihús 35 m við bæ [001].

Heimildir: Uppdráttur Knud Zimsen og Ólafs Jónssonar 1901.

**Bo-066:015** heimild um hleðslu

Á uppdrætti frá 1901 er sýnd garðhleðsla sem er áföst 014 og gengur til suðvesturs.

Heimildir: Uppdráttur Knud Zimsen og Ólafs Jónssonar 1901.

**Bo-066:016** Skarfavör lending

Lendingin hefur verið uppfyllt að hluta, þ.e. syðst, og hús reist vestan megin hennar.

Heimildir: Uppdráttur Knud Zimsen og Ólafs Jónssonar 1901; Ólafur B. Björnsson, *Saga Akraness I*, s. 254, 1957.

**Bo-066:017** heimild um brunn

Brunnur er sýndur á uppdrætti 1901 35 m vestur af bænum.

Heimildir: Uppdráttur Knud Zimsen og Ólafs Jónssonar 1901.

**Bo-066:018** heimild um útihús

Útihús er sýnt á uppdrætti 1901, suðvestan við garðlag 015 og 90 m suðvestan við bæ.

Heimildir: Uppdráttur Knud Zimsen og Ólafs Jónssonar 1901.

**Bo-066:019** heimild um útihús

Útihús er sýnt á uppdrætti 1901, 8 m norðaustan við bæ.

Heimildir: Uppdráttur Knud Zimsen og Ólafs Jónssonar 1901.

**Bo-066:020** heimild um útihús

Útihús er sýnt á uppdrætti 1901, 10 m suðaustan við bæ 001, og skammt norðan Kárabæjar.

Heimildir: Uppdráttur Knud Zimsen og Ólafs Jónssonar 1901.

**Bo-066:021** heimild um hleðslu

Á uppdrætti frá 1901 er sýnd garðhleðsla sem er áföst Kárabæ sunnan megin, og gengur til suðvesturs meðfram sjávarbakkanum.

Heimildir: Uppdráttur Knud Zimsen og Ólafs Jónssonar 1901.

**Bo-066:022** heimild um hleðslu

Á uppdrætti frá 1901 er sýnd lítil hleðsla 50 m norðvestan við útihús 010, næstum áföst sjóvarnargarði 011.

Heimildir: Uppdráttur Knud Zimsen og Ólafs Jónssonar 1901.

**Bo-067 Lambhús**

5 hndr. 1706. Tvíþýli frá 1870.

1917: 3978 m<sup>2</sup>, garðar 1379 m<sup>2</sup>, 1/2 þýft (Efri Lambhús). 8970 m<sup>2</sup>, garðar 1330 m<sup>2</sup> (Neðri Lambhús).

Heimildir: ÓBB, Hversu Akranes byggðist, Akranes, V. árg 1. tbl., 1946 s. 6-7, 2. tbl., 1946, 18-19 og 3. tbl s. 30.

**Bo-067:001** *Neðri Lambhús* bæjarhóll bústaður

Bærinn í Neðri-Lambhúsum stóð skammt ofan við fjörubakkana við Lambhúsasund, u.þ.b. fyrir miðju sundinu sem er og kennt við bæinn. "1878 byggir Guðm. Guðmundsson steinhús það, sem rífið var fyrir nokkrum árum." "Húsið var hæð og ris með kjallara undir hlutanum er sneri að götunni. ... Á bak við þetta hús var þá annað hús úr timbri sem einhverntíma hefur verið búið í. Fyrir neðan húsin var stór kartöflugarður. Húsin voru bæði fjarlægð eftir að Skeljungur eignaðist þau." (Gísli Sigurðsson 2003).

Lítið er eftir af túninu við Neðri Lambhús. Í túninu norðan við bæinn var reist timburhús á háum kjallara 1932. Það var rífið 1970.

Heimildir: Uppdráttur Knud Zimsen og Ólafs Jónssonar 1901; Túnakort 1917; BB II, 391; Þorsteinn Jónsson: "Þættir úr sögu Akraness. Húsheiti á Akranesi fyrri hluti" 2 þáttur; Gísli S. Sigurðsson (2003). Valsað um Vesturgötu. *Árbók Akurnesinga*, 3. árg., bls. 193-208.

**Bo-067:002** *Efri Lambhús* bæjarstæði bústaður

"1883 byggir Níels Magnússon þar timburhús sem nú stendur við Vesturgötu 22." Nú auð lóð, á efra horni Bárugötu og Vesturgötu.

Heimildir: Uppdráttur Knud Zimsen og Ólafs Jónssonar 1901; Þorsteinn Jónsson: "Þættir úr sögu Akraness. Húsheiti á Akranesi fyrri hluti" 2 þáttur.

**Bo-067:003** heimild um útihús

Stóð örskammt austan við Neðri-Lambhúsabæ og norðan 004.

Heimildir: Uppdráttur Knud Zimsen og Ólafs Jónssonar 1901; Túnakort 1917.

**Bo-067:004** heimild um útihús

Stóð örskammt (2-3m) austan við Neðri-Lambhúsabæ og sunnan 003.

Heimildir: Heimildir: Uppdráttur Knud Zimsen og Ólafs Jónssonar 1901; Túnakort 1917.

**Bo-067:005** heimild um hlöðu

Hlaða stóð um 50 m sunnan við Efri-Lambhús, þ.e. neðan Bárugötu. Það var um 25 m ASA við bæinn í Neðri-Lambhúsum. Skömmu fyrir 1950 var reist hús, sem var notað sem bifreiðaverkstæði, og hýsti síðar byggingavöruverslun HB um tíma og aðra starfsemi eftir það.

Heimildir: Heimildir: Uppdráttur Knud Zimsen og Ólafs Jónssonar 1901; Túnakort 1917; Gísli S. Sigurðsson (2003). Valsað um Vesturgötu. *Árbók Akurnesinga*, 3. árg., bls. 193-208.

**Bo-067:006** heimild um útihús

Stóð um 27 m í suður frá Neðri Lambhúsum.

Heimildir: Uppdráttur Knud Zimsen og Ólafs Jónssonar 1901; Túnakort 1917.

**Bo-067:007** heimild um bústað

"Tómthúsmenn heima eru við bæinn eru tveir í sama húsi."

Heimildir: JÁM IV, 101.

**Bo-067:008** *Blesa* heimild um verbúð

"Verbúð er hjer ein, kölluð Blesa. Hún er 30 ára ..."

Heimildir: JÁM IV, 101.

**Bo-067:009** *Lambhúsabúð* heimild um verbúð

"Verbúð önnur, kölluð Lambhúsabúð."

Heimildir: JÁM IV, 101.

**Bo-067:010** *Hestbúð* heimild um verbúð

"Árið 1706 voru í Lambhúsum nokkur tómthús og enn fleiri vermannabúðir ... Hestbúð ... stóð rétt suður af, þar sem áður voru fiskhús B Ólafssonar og Co. við Lambhúsasund, nú Fiskver h.f." (sjá BO-063:007).

“Þarna í kring var svonefnd Hestbúðarlóð, sem Ólafur heitinn á Litlateig keypti frá Lambhúsum...Heitir þar vestur af síðan Litlateigsvör. Neðst í túninu á Lambhúsum var lengi fram yfir aldamót tjörn ekki alllítill. Var hún kölluð Hestbúðartjörn. Þegar hún var ísi lögð var hún mikið notuð fyrir skautasvell. Var þá hægt að fara á skautum samhangandi allar mýrar ofan á Breiðartjörn, sem þá náði alveg heim að Breiðarhúsi.”

Heimildir: ÓBB 1946, Hversu Akranes byggðist. Akranes V. árg., 1.tbl., s. 7 og 9-10. tbl., s. 95; Sami: Saga Akraness I, 157.

**Bo-067:011** heimild um verbúð

“Í neðri Lambhúsum stendur nú áreiðanlega elzta verbúð sem til er á Skaga. Það hefur þótt myndarlegt hús þá sem verbúð, því það er það enn. Timburhús, sem stendur rétt sunnan við gamla steinhúsið, er að líkindum byggt um svipað leyti og húsið.”

Heimildir: Ólafur B. Björnsson: Saga Akraness I, 167.

**Bo-067:012** hlaða

Fjárhús og hlaða 80 m SSV frá 001 Lambh, um 20 m SSA við Vesturgötu 10. “Á þessu túni var lengi fjárhús og hlaða í einni byggingu enda hafði Niels lengi kindur sem hann heyjaði fyrir þarna á túninu.” (Gísli Sigurðsson 2003). Túninu var að hluta breytt í bílastæði.

Heimildir: Uppdráttur Knud Zimsen og Ólafs Jónssonar 1901; Gísli S. Sigurðsson (2003). Valsað um Vesturgötu. *Árbók Akurnesinga*, 3. árg., bls. 193-208.

**Bo-067:013** heimild um útihús

Samkvæmt uppdraði frá 1908 stóð útihús 50 m ASA frá N-Lambhúsum.

Heimildir: Uppdráttur danska Herforingjaráðsins, 1908.

**Bo-067:014** fiskreitir

Fiskreitir var um 20 m neðan (norðvestan) við Lambhús 001: “Þar var þegar ég man fyrst eftir stakkstæði með upphækkaðar grindur sem fiskurinn var breiddur á. Þær voru búnar til úr girðingameti og timbri. Við þessi stakkstæði þurfti fólk ekki að beygja sig við að breiða og taka saman og ekki var hætta á að fiskurinn soðnaði. Á stríðsárunum stóðu svo þarna hermannaskálar. Nú stendur þarna umrætt hús og er Vesturgata 17.” (Gísli Sigurðsson 2003).

Heimildir: Gísli S. Sigurðsson (2003). Valsað um Vesturgötu. *Árbók Akurnesinga*, 3. árg., bls. 193-208.

**Bo-067:015** Lambhúsavör syðri lending

Tvær lendingar kenndar við Lambhús voru í sundinu. Þær lentu undir landfyllingu.

**Bo-067:016** Lambhúsavör nyrðri lending

Tvær lendingar kenndar við Lambhús voru í sundinu. Þær lentu undir landfyllingu.

**Bo-067:017** Litlateigsvör lending

“Þarna í kring var svonefnd Hestbúðarlóð, sem Ólafur heitinn á Litlateig keypti frá Lambhúsum...Heitir þar vestur af síðan Litlateigsvör.”

Heimildir: ÓBB 1946, Hversu Akranes byggðist. Akranes V. árg., 1.tbl., s. 7.

**Bo-067:018** *Hestbúðartjörn* leikstaður

“Neðst í túninu á Lambhúsum var lengi fram yfir aldamót tjörn ekki alllítill. Var hún kölluð Hestbúðartjörn. Þegar hún var ísi lögð var hún mikið notuð fyrir skautasvell. Var þá hægt að fara á skautum samhangandi allar mýrar ofan á Breiðartjörn, sem þá náði alveg heim að Breiðarhúsi.”

Heimildir: ÓBB 1946, Hversu Akranes byggðist. Akranes V. árg., 1.tbl., s. 7.

**Bo-067:019** vegur

Leið milli bæja á Niðurskaganum lá að mestu á sjávarbökkum. Vegurinn er sýndur á uppdraði 1901 þar sem hann liggur frá Lambhúsasundi syðst og vestast og austur fyrir bæ að Neðri Lambhúsum, en sveigir aftur til vesturs og liggur til norðurs u.þ.b. sem Vesturgata liggur.

Heimildir: Uppdráttur Knud Zimsen og Ólafs Jónssonar 1901.

**Bo-067:020** garðlag

Utan um bæjarstæði N Lambhúsa 1901

Heimildir: Uppdráttur Knud Zimsen og Ólafs Jónssonar 1901.

**Bo-067:021** kálgarður

Utan um bæjarstæði N Lambh 1901

Heimildir: Uppdráttur Knud Zimsen og Ólafs Jónssonar 1901.

**Bo-067:022** brunnur

Norðvestan við bæjarstæði N Lambh 1901

Heimildir: Uppdráttur Knud Zimsen og Ólafs Jónssonar 1901.

**Bo-067:023** kálgarður

SV við bæjarstæði N Lambh 1901

Heimildir: Uppdráttur Knud Zimsen og Ólafs Jónssonar 1901.

**Bo-067:024** garðlag

Utan um tún S við bæjarstæði N Lambh 1901

Heimildir: Uppdráttur Knud Zimsen og Ólafs Jónssonar 1901.

**Bo-067:025** hús

S við bæjarstæði N Lambh 1901, 1908

Heimildir: Uppdráttur Knud Zimsen og Ólafs Jónssonar 1901; uppdráttur danska Herforingjaráðsins, 1908.

**Bo-067:026** hús

S við bæjarstæði N Lambh 1901, 1908

Heimildir: Uppdráttur Knud Zimsen og Ólafs Jónssonar 1901; uppdráttur danska Herforingjaráðsins, 1908.

**Bo-067:027** kálgarður

SA við bæjarstæði N Lambh 1901

Heimildir: Uppdráttur Knud Zimsen og Ólafs Jónssonar 1901.

**Bo-067:028** hús

Við Litlateigsvör. S við bæjarstæði N Lambh 1901, 1908

Heimildir: Uppdráttur Knud Zimsen og Ólafs Jónssonar 1901; uppdráttur danska Herforingjaráðsins, 1908.

**Bo-067:029** skurður

Suðaustan við 001 sbr 1901

Heimildir: Uppdráttur Knud Zimsen og Ólafs Jónssonar 1901.

**Bo-067:030** Leirárþúð

“Á millum þessa býlis, Lambhúsa, og þess sem næst áður er talið, Tjarnarkot, liggja verbúðir, sem hvörugt býlið Lambhús nje Tjarnarkot eigna sjer. Þær heita so: Leirárþúð...”

Heimildir: JÁM, V, s. 101-102; ÓBB 1946, Hversu Akranes byggðist. Akranes V. árg., 9-10. tbl., s. 95.

**Bo-067:031** Bjarnabryggja

**Bo-067:032** bryggja

**Bo-067:033** garðlag sjóvarnargarður

Neðan við N-Lambhús

Heimildir: Uppdráttur Knud Zimsen og Ólafs Jónssonar 1901.

**Bo-067:034** kálgarður

Beint í suður frá Neðri-Lambhúsum.

Heimildir: Uppdráttur Knud Zimsen og Ólafs Jónssonar 1901.

**Bo-067:035** fiskreitir við Lambhúsavör

“Það hélst hér lengi fram eftir, jafnvel fram yfir síðustu aldamót, að hver verkaði sinn eigin afla, og seldi hann síðan kaupmanninum fullverkaðann. Vanalegst var hann verkaður á klettum, eða í fjörunni, í námunda við uppsátrin, ef þar var um mól að ræða. Sumir bjuggu sér til fiskreiti, þar sem grjótt var borið upp og raðað saman í svonefnd “stakkstæði”. Voru þau til á ... Lambhúsavör ... og Lambhúsagarði...”

Heimildir: ÓBB 1945, Akranes, 4. árg, 3-4. tbl., s. 35.

**Bo-067:036** fiskreitir við Litlateigsvör

“... Sumir bjuggu sér til fiskreiti, þar sem grjót var borið upp og raðað saman í svonefnd “stakkstæði”. Voru þau til á ... Litlateigsvör...”

Heimildir: ÓBB 1945, Akranes, 4. árg, 3-4. tbl., s. 35.

### **Bo-068 Háteigur**

5 hndr. 1706. "Þá koma næst hér ofar Háteigur og þar suður af Teigaskarð eða Miðteigur, síðar Guðrúnarkot. Þarna liggur nú gata, Háteigur." BB II, 392.

1917: 7423 m<sup>2</sup>, garðar 534 m<sup>2</sup>.

#### **Bo-068:004** útihús

Tún Háteigs var langt og mjótt og náði niður fyrir þar sem nú er Bárugata. Samkvæmt túnakorti stóð útihús frá Háteigi, um 170 m SV frá bænum.

Heimild: Túnakort Háteigs 1917

### **Bo-069 Miðteigur**

10 hndr. 1706. Hjáleigan Melshús. "Þá koma næst hér ofar Háteigur og þar suður af Teigaskarð eða Miðteigur, síðar Guðrúnarkot. Þarna liggur nú gata, Háteigur." BB II, 392.

1917: 8,8 ha, garðar 6130 m<sup>2</sup>.

#### **Bo-069:005** Naustabúð heimild um verbúð

"Naustabúð. So gömul verbúð, að ekki vita menn nær byggð var, en hefur aldrei brúkast nema fyrir verbúð, það menn vita." Naustabúðir eru nefndar í bréfabók Brynjólfs biskups Sveinssonar 1657-1658.

Heimildir: JÁM IV, 105; Lbs 1080 4to, s 475-477.

#### **Bo-069:006** Grímsbúð heimild um bústað

"Grímsbúð, annað tómthús, byggt fyrir 20 eður undir 30 ára tíma."

Heimildir: JÁM IV, 104.

#### **Bo-069:007** heimild um bústað

"Tómthús, hefur stundum byggt verið og stundum í auðn."

Heimildir: JÁM IV, 104.

#### **Bo-069:008** Draghálsbúð heimild um verbúð

"Draghálsabúð so kölluð, því ábúandinn á Dragháls, Jón Þórðarson, hefur Anno 1676 af eigandanum, sem þá var á þessum parti, skriflegt orðlof þegið um alla Jóns Þórðarsonar lífdaga hjer að hafa frjálst búðarstæði"

Heimildir: JÁM IV, 104-105.

#### **Bo-069:009** Eyjólfsbúð heimild um verbúð

"Eyjólfsbúð, önnur verbúð, byggð innan 20 ára að landdrottins leyfi, og aldrei brúkuð nema fyrir verbúð."

Heimildir: JÁM IV, 105.

#### **Bo-069:010** Krosshús heimild um verbúð

"Krosshús, tómthús, byggt fyrst í tíð biskupsins Mag. Brynjúlfs, og var þá í fyrstu brúkað til að hirða það sem biskupinn, sem þá var eigandi, vildi að hirt væri. Síðan var hún brúkuð fyrir verbúð. Er hún léð einhleypum manni til ársvistar ..."

Nefnd neðanmáls í jarðabók Johnsen sem jörð sem hann sleppi vegna þess að aðeins presturinn minnst á hana.

Heimildir: JÁM IV, 104; ÓBB Akranes, V. árg., 9-10. tbl., s. 97; Þorsteinn Jónsson: "Þættir úr sögu Akraness. Húsheiti á Akranesi fyrri hluti" 2 þáttur; Johnsen, 109.

#### **Bo-069:011** Krosshús (Edinborgarverslun)

"Edinborgarverslun - Krosshús, í byggð 1706, 1883 er byggt þar stórt timburhús af Jóni Guðnasyni, sem nokkru síðar er á ný kallað Krosshús, og þar var Edinborgarverslun til húsa fram til 1910. 1915 er húsið rífið og byggt þar íshús."

Heimildir: JÁM IV, 104; ÓBB Akranes, V. árg., 9-10. tbl., s. 97; Þorsteinn Jónsson: "Þættir úr sögu Akraness. Húsheiti á Akranesi fyrri hluti" 2 þáttur.

#### **Bo-069:012** heimild um íshús

"Edinborgarverslun – Krosshús... 1883 er byggt þar stórt timburhús af Jóni Guðnasyni, sem nokkru síðar er á ný kallað Krosshús, og þar var Edinborgarverslun til húsa fram til 1910. 1915 er húsið rífið og byggt þar íshús."

Heimildir: JÁM IV, 104; ÓBB Akranes, V. árg., 9-10. tbl., s. 97; Þorsteinn Jónsson: "Þættir úr sögu Akraness. Húsheiti á Akranesi fyrri hluti" 2 þáttur; Túnakort 1917.

**Bo-069:013** heimild um fiskreit

"...er þá að mestu hætt að breiða á sléttar klappir. Dálítið er líka breitt á ... hlera (rimla) úr timbri, sem standa á ..."búkkum". Fiskreitir sá, er Thor Jensen lét byggja, er nú stækkaður og stór reitur gerður á Breiðinni. Byggðir eru stórir reitar á Krosshús- og Heimaskagalóð... (sbr. Krosshús-Edinborgarverslun Bo-069:011)

Heimildir: ÓBB 1945, 4. árg, 3-4 tb., s. 35.

**Bo-069:014** brunnur

Heimildir: Uppdráttur Knud Zimsen og Ólafs Jónssonar 1901.

**Bo-069:015** garðlag

Heimildir: Uppdráttur Knud Zimsen og Ólafs Jónssonar 1901.

**Bo-069:016** kálgarður

Heimildir: Uppdráttur Knud Zimsen og Ólafs Jónssonar 1901.

**Bo-069:017** kálgarður

Heimildir: Uppdráttur Knud Zimsen og Ólafs Jónssonar 1901.

**Bo-069:018** vegur

Heimildir: Uppdráttur Knud Zimsen og Ólafs Jónssonar 1901.

**Bo-069:019** beðaslétta

Samkvæmt túnakorti Háteigs var beðaslétta frá Miðteig meðfram suðausturjaðri Háteigstúns, neðan Bárugötu.

Heimild: Túnakort Háteigs 1917

**Bo-080:002** *Litla-Grund (Guðbjarnarhús)* bæjarstæði býli

Fyrst byggð 1882, og kallað Litla-Grund. Húsið var 7x9 álnir og kjallari undir hálfu húsinu. Húsið var notað sem hlaða frá 1917 og byggt fjós sunnanvert við það. Þar var síðan vélaverkstæði 1941 og geymsla.

Heimildir: Uppdráttur Knud Zimsen og Ólafs Jónssonar 1901; ÓBB, Hversu Akranes byggðist, Akranes 1950, IX. árg., 11.-12. tbl., s. 139; Þorsteinn Jónsson: "Þættir úr sögu Akraness. Húsheiti á Akranesi fyrri hluti" 2 þáttur.

**Bo-080:003** *heimild um útihús*

Litla-Grund var fyrst byggð 1882. Um 5 m NV við húsið var útihús sbr. uppdrátt frá 1901.

Heimildir: Uppdráttur Knud Zimsen og Ólafs Jónssonar 1901;

**Bo-080:004** *heimild um fjós*

Íbúðarhúsinu á Litlu-Grund var breytt í hlöðu 1917 og byggt fjós sunnanvert við það.

Heimildir: ÓBB, Hversu Akranes byggðist, Akranes 1950, IX. árg., 11.-12. tbl., s. 139.

# Heimildir

## Óprentaðar heimildir:

*Byggðasafn Akraness og nærsveita*

Þorsteinn Jónsson, "Þættir úr sögu Akraness. Húsheiti á Akranesi, fyrri hluti, 2 þáttur"

*Landmælingar Íslands*

Loftmynd 20.8.1942 GX-12516-050

Loftmynd 1954 LMÍ 02-0698

Uppdráttur danska Herforingjaráðsins, 1908.

*Sýslumannsembættið í Borgarnesi*

Landamerkjabók Borgar- og Mýrasýslu, II.

*Þjóðskjalasafn Íslands*

Jarðadeild XIV. Uppdrættir af túnum 1917. Ytri-Akraneshreppur

Háteigur, Neðri-Lambhús, Miðteigur, Bræðrapartur, Efri-Sýrupartur

Jarðaskiptabréf frá 18.6.1697 pr í Ólafur B. Björnsson: Saga Akraness I, 36.

Uppdráttur Knud Zimsen og Ólafs Jónssonar 1901. Þjóðskjalasafn Ísl. (0038-1928-011-B-B14-0022-27. Örk: 27).

*Örnefnastofnun*

**Ö-Akranes:** Örnefnaskrá Akraness. Ari Gíslason skráði.

## Prentaðar heimildir:

Annálar 1400-1800. Hannes Þorsteinsson gaf út. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík, 1922, I. b.

Ásmundur Ólafsson, Heilu skipi siglt í höfn. *Árbók Akurnesinga* 2012, s. 32.

Ásmundur Ólafsson, 2016. Við Lambhúsasund á Akranesi. Fyrstu kaupmennirnir – fyrsti miðbærinn. *Skessuhorn* 19. árg., 29., tbl. s. 24-25

Ásmundur Ólafsson, "Nú er bjart um Skipaskaga - skín á nes og vör".

Ásmundur Ólafsson, Örnefni við Akranes. *Árbók Akurnesinga* 2006, s. 157-176.

**BB:** Byggðir Borgarfjarðar I-II., án útgst., Búnaðarsamband Borgarfjarðar, 1989.

- Ben Tómasson, Landbrotið hér er ógurlegt. I. Akranes III. árg., 11-12. tbl., s. 155-6
- DI:** *Íslenzkt fornbréfasafn* I-XVI, Kaupmannahöfn/Reykjavík 1857-1972.
- FF:** *Frásögur um fornaldarleifar 1817- 1823*. Sveinbjörn Rafnsson gaf út, Reykjavík, 1983.
- Friðþór Eydal, Hersetan á Ströndum og Norðurlandi vestra. Bókaútgáfan Hólar, Reykjavík 2015.
- Gísli S. Sigurðsson, Valsað um Vesturgötu. *Árbók Akurnesinga*, 3. árg., 2003, s. 193-208.
- Guðlaug Vilbogaðóttir: <https://husaflutningar.is/krokatun-1-akranesi/> [sótt 1. júní 2024]
- Guðmundur L. Hafsteinsson, Perla Faxaflóa. Bæja- og húsakönnun á Skipaskaga. Akranes, 2009, s. 23.
- Gunnlaugur Haraldsson, *Akraneskirkja 1896-1996 ásamt ágripi af sögu Garða og Garðakirkju á Akranesi*, Akranes, 1996.
- Gunnlaugur Haraldsson, *Saga Akraness I-II*, Akranes, 2011.
- Haraldur Sturlaugsson og Sigurdór Sigurdórsson, Til fiskiveiða fóru : 70 ár á sjó og landi. Haraldur Sturlaugsson gaf út, Akranes, 1977.
- ÍF:** *Íslenzk fornrit* I-, Reykjavík 1933-.
- Jón Böðvarsson, *Akranes. Frá landnámi til 1885*, Akranes, Prentverk Akraness, 1992.
- JÁM:** Árni Magnússon & Páll Vídalín, *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín*, Kh., Hið íslenska fræðafélag, 1913.
- J. Johnsen: *Jarðatal á Íslandi*, Kaupmannahöfn 1847.
- Kristleifur Þorsteinsson. *Úr byggðum Borgarfjarðar* II, Reykjavík 1948,
- Magnús Magnússon, Þegar breski herinn hernam Akranes, *Skessuhorn* 24. árg., 6. tbl., 10. Febrúar 2021, s. 16-18.
- ÓBB: Ólafur B. Björnsson, Hversu Akranes byggðist, Akranes IV. árg., 3-4. tbl., 1945, s. 35.
- ÓBB: Ólafur B. Björnsson, Hversu Akranes byggðist, Akranes IV. árg., 7. tbl. 1945, s. 79.
- ÓBB: Ólafur B. Björnsson, Hversu Akranes byggðist, Akranes IV. árg., 8. tbl. 1945, s. 90-91.
- ÓBB: Ólafur B. Björnsson, Hversu Akranes byggðist, Akranes IV. árg., 9.-10. tbl., 1945, s. 105-107
- ÓBB: Ólafur B. Björnsson, Hversu Akranes byggðist, Akranes IV. árg., 11. tbl. 1945, s. 124-125
- ÓBB: Ólafur B. Björnsson, Hversu Akranes byggðist, Akranes, IV. árg., 12. tbl., 1945, s. 150-151.
- ÓBB: Ólafur B. Björnsson, Hversu Akranes byggðist. Akranes V. árg., 1.tbl., 1946, s. 6-7.
- ÓBB: Ólafur B. Björnsson, Hversu Akranes byggðist, Akranes V. árg., 2. tbl., 1946, 18-19.

ÓBB: Ólafur B. Björnsson, Hversu Akranes byggðist, Akranes V. árg 3. tbl., 1946, s. 30

ÓBB: Ólafur B. Björnsson, Hversu Akranes byggðist. Akranes V. árg., 7-8. tbl., 1946, s. 79

ÓBB: Ólafur B. Björnsson, Hversu Akranes byggðist. Akranes V. árg., 9-10. tbl., 1946, s. 95-97.

ÓBB: Ólafur B. Björnsson, Hversu Akranes byggðist, Akranes IX. árg., 11.-12. tbl., 1950, s. 139.

Ólafur B. Björnsson, *Saga Akraness I-II*, Akranes, 1957-1959.

Páll Líndal, Bæirnir byggjast, yfirlit um þróun skipulagsmála á Íslandi til ársins 1938. Reykjavík: Skipulagsstjóri ríkisins og sögufélag, 1982.

„Rostungsbein „telgd af mannahöndum“ finnast undir meðalfjörumáli á Akranesi“, *Þjóðviljinn*, 31.8.1949.

Thor Jensen. Minningar I, 206. Skrásett hefir Valtýr Stefánsson. Reykjavík 1954.

## Viðauki

### Vettvangsathuganir vegna jarðtæknirannsóknna á Breiðinni á Akranesi, nóvember 2024

#### Inngangur

Í nóvember 2024 vann verkfræðistofan COWI að jarðtæknirannsóknum á Breiðinni. Í þessháttar rannsóknum felst að grafnar eru könnunarholur og m.a. athuguð dýpt jarðlaga með lausum jarðefnum, gerð athugun á samsetningu þeirra, mögulegri staðbundinni jarðvegsmengun o.fl. Jarðtæknirannsókn gefur óvenjulegt tækifæri til að láta reyna á niðurstöðu athugana á heimildum um fornleifar sem ekki sjást lengur á yfirborði. Við undirbúning jarðfræðinga var tekið mið af ofangreindum upplýsingum um fornleifar og prufugrefti valinn staður þar sem ekki var kunnugt um fornleifar.


Samkvæmt nýrri skrá yfir fornleifar á Breið liggur fyrir vitneskja um a.m.k. 197 fornleifar. Ætla mátti að fjöldi minja gæti haft veruleg áhrif á framkvæmdir á lóðum innan svæðisins, ýmist vegna kvaða um rannsóknir, eða annara kvaða, s.s. um helgunarsvæði kringum þær minjar sem hefðu mikið varðveislugildi. Þó leggst sú líkn með þraut að margir minjastaðanna hafa líklega þegar horfið með öllu. Breiðin hefur verið kjarninn í atvinnuupbyggingu á Akranesi um langan aldur og því fylgir jarðrask, auk þess sem að töluvert landbrot vegna ágangs sjávar er á Niðurskaganum. Í mörgum tilfellum er lítið vitað um afdrif minjastaða og því örðugt að skera úr um hvort þar leynist enn mannvistarleifar víða. Mestu munar þó að varðveittar heimildir geta sjaldnast gefið trausta heildarmynd af öllum minjum á tilteknu svæði. Er það vegna þess að ritheimildir varða einna helst minjar frá 19. og 20. öld. Um eldri minjar er langtum minna vitað. Þær gætu hæglega leynst hvar sem er, m.a. þar sem eyður eru í uppdráttum af þekktum minjastöðum. Jarðvegsrannsóknir gefa tækifæri til að auka við þekkingu á svæðinu.

Jarðfræðideild COWI verkfræðistofu gerði jarðtæknirannsóknir dagana 8. til 13. nóvember 2024. Til að bæta við fyrirbyggjandi heimildir um dreifingu minja á Breiðinni fylgdist höfundur með störfum jarðfræðinganna og skoðaði jarðveg sem birtist í könnunarholum þeirra. Samstarf var með ágætum og haft samráð um staðsetningu könnunarskurða, en auk jarðvegsathugana var leitað að mengun í jarðvegi sem og dýpi lausra jarðefna. Halldór Sigurðsson grófumaður annaðist skurðgröft af natni og bar m.a. kennsl á uppruna uppfyllingarefnis og ofaniburðar.

## Vettvangsathuganir

Verkið var unnið dagana, 8., 11., 12. og 13. nóvember 2024. Grafnir voru 24 könnunarskurðir, um 4 m á lengd og 1 m á breidd. Um 20-40 m voru milli skurða sem náðu til alls svæðisins. Jarðfræðingarnir völdu skurðum stað og höfðu jafna dreifingu á þeim til samræmis við markmið jarðtæknirannsóknna, en slepptu þeim svæðum þar sem deiliskráning fornleifa lá fyrir (sbr. FS623-16231).

Á vinnukorti COWI eru könnunarskurðir nefndir GR-1 til GR-26, og gengur númeraröðin í hring, réttisælis frá lóð nr 7 við Bárugötu og að Bárugötu 9. Hér verður ummerkjum og helstu einkennum lýst, u.þ.b. í sömu röð.



Staðsetning könnunarstaða COWI. (Myndgrunnur: Loftmyndir ehf ©)

Hola nr GR-1 var grafin á óbyggðu svæði við SA- gaflinn á húsi sem þar stendur og hýsir m.a. verkstæði (Bárugata 9). Holan náði niður á u.þ.b. 4 metra. Efst var hreinn moldarjarðvegur og undir honum þétt og hreint malarlag. Moldin er aðflutt, en mölin er það einning. Er þetta flöt mól, sem hafði verið fengin á Seleyri í Borgarfirði og þykir dreina vel. Undir mölinni var mold, síðan þétt mólág, og leir uns komið var niður á klöpp. GR-2 er suðvestar og nær horni Bárugötu

og Breiðargötu, og GR-3 suður af GR-2. Í þessum skurðum, undir grassverði voru steinar sem lágu nokkurn veginn í sama fleti. Steinarnir munu vera bílaplan. Var það notað fyrir olíubíla er HB var með umboð fyrir Skeljung. Undir planinu var þéttur mór og þar undir var leirlag og klöpp á um 2,5 m dýpi. Suðaustan við þetta svæði og við Breiðargötu stóð salthús. Þar var geymt salt og saltfiskur ef minna var af salti. Í austurenda var afgreiðsla svonefnds Jóns reds.

GR-4 var grafin á óbyggðum reit við Hafnarbraut á lóð 5b, þ.e. vestan við skreiðargeymsluna sem kölluð var. Athyglisvert er að þar eru jarðlög óhreyfð. Efst er aðflutt mold, en þar undir má sjá vel varðveitt jarðlög í mýrarjarðvegi. Virðist þar vera a.m.k. 2 gjóskulög, efra lagið er svart en hitt gráleitt. Undir grasrótarlagi tók við mór, og þar undir leirlag. Er klöppin á um 4 m dýpi. Austan við geymsluna er gróinn túnblettur og þar var grafin GR 5, sem sýndi svipuð ummerki, þ.e. undir grasrótarlagi var aðborin og mjög hreyfð mold, mór þar undir og leir. Sjávarborg stóð skammt norðar og vestar, út við Breiðargötu, en ekki vottaði fyrir neinum mannvistarleifum í skurðinum.

Teknar voru holur (GR-8 til GR-9) í mýrina milli skreiðargeymslu og gámasvæðis. Þann 8. nóvember var óvenjumikið vatnsveður og stóð vatn í skurðum. Af þeim sökum var hætt við gröft á skurðum 6 og 7. Hóla GR-8 er ofan við norðurhornið á gámasvæðinu. Er þar þurr og þokkalegur blettur. Undir grassverði er mjög hreyft moldarlag, aðflutt. Í moldinni var sandur og lítilsháttar grjót. Þá tók við óhreyfður mór og leir og klöpp á u.þ.b. 3,5 m dýpi. GR-9 var grafin í vesturhorni mýrarinnar. Jarðvegur var talsvert blautur, en undir grassverðinum komu fram skeljalög með miklu af hörpuskel. Var þessi fundur óvæntur, en gröfumaður greindi frá því að hörpuskelfiskur var keyrður úr Stykkishólmi til vinnslu á Akranes (um 1970), en skelin urðuð í jaðri mýrarinnar. Suðvestan við var grafin hola GR-10, en þar var mýrin mjög blaut. Allar þessar holur, ef frá er talin GR-5 er talsvert fjarri gömlu bæjarstæðunum sem enda stóðu nær ströndinni. Skurður GR-11 var grafinn NV við þar sem Sýrupartur stór. Undir grasrótarlagi kom í ljós aflutt mold, mjög rótað lag, blandað mold, fjörugrjót og skeljasandi. Hefur svæðinu ljóslega verið mjög raskað. Sömu sögu er að segja um könnunarskurð G-13 nærri Bræðraparti. Þar kom fram sambreyskingur af mold og sandi með fiskbeinum og skeljabrotum í. Þessi jarðvegur var ekki lagskiptur heldur hefur honum verið mokað til og frá. Undir rótaða laginu tók við mold, mór og síðan leir og klöpp.

Syðsti skurðurinn, GR-14, var grafinn utan við lóðarmörk Breiðargötu 1, þ.e. sunnan skemmunnar, og í malaryfirborð milli gangstéttar og sjóvarnargarða. Efst var ljós fjörusandur og í honum dálítið fjörugrjót, en undir mór og þá leirinn og klöpp. Er þessi staður innan við uppfyllingu og því efsta efnið að einhverju leyti uppfylling og grjót úr varnargörðum. Skurðir GR-15, 16 og 17 voru teknir við olíuafgreiðsluna þar norður af. Þar eru garðar úr jarðvegi sem

voru ýttir upp kringum hvern tank sem þar voru. Þar er olusmitaður jarðvegur bakvið afgreiðsluhúsið, og hefur honum verið velt við og snúið til að auðvelda náttúrulegt niðurbrot olíunnar. Í holunum framan við afgreiðsluna var gróf, aðborin mól efst og er hún úr Hólabrú að sögn Halldórs Sigurðssonar. Undir mölinni eru sömu jarðlög og í kring. Sömu sögu er að segja um GR-18, sem var grafin innan girðingar á gámasvæðinu þar skammt norðar.

Skurðir voru grafnir sunnan og vestan vinnuáðstöðu sem nefnist nú 3 málara, þ.e. á lóð 14 og 143b við Hafnarbraut. Þar eru nú gróin og slétt tún. Undir grassverðinum kom í ljós töluvert moldarlag og í því ýmsir aðskotahlutir, s.s. girðingastaurar, plast og snæri. Að sögn gröfumanns er um að ræða aðflutta mold. Þegar grafið var fyrir ýmsum lögnum í bænum hafði moldin verið flutt á þetta svæði, jöfnuð út og ræktuð. Skömmu ofar, í túni við vatnsveitutank var reynt að grafa skurð (GR-25). Þar undir var djúp hola og hún full af fremur nýlegum ofaníburi. Var því sjálfhætt á þessum stað.

Sunnan við hús Þórðar Guðjónssonar var grafið í malarburið yfirborð (GR-21). Efst var talsvert þykkt lag af grófri mól, enda nær landfylling frá sjóvarnargörðum og upp að húshlið. Undir mölinni var lábarið grjót, fremur flatir steinar og ljós fjörusandur. Lagið var mjög rótað og í því járnarusl, spýtnaleifar og múrsteinsbrot. Má vera að múrsteinninn hafi upphaflega komið frá braggahverfinu sem stóð ofan við fiskverkunarhús Þórðar. Undir sandinum var þéttur mór og síðan leir niður á 4 m dýpt, en ekki var grafið niður á klöpp. Á þessum slóðum gæti bæjarstaði Neðra-Vítis leynst, en ruslið er frá 20. öld og því ekki frá bænum. Hola GR-22 var grafin á auðu svæði sem liggur norðar og vestar. Þar voru svipuð ummerki, þ.e.a.s. grófur ofaníburi, þá fjörusandur og mór undir. Á þessum slóðum mun Efra-Víti líklega hafa staðið, en engin ummerki sást um forna mannvist. Má vera að bæði þessi býli hafi horfið við landbrot. Norðan við hús Þórðar var enn grafin hola, GR-23. Efst var grófur ofaníburi, og undir honum heldur fínna malarlag. Þar undir var ruslslag, talsvert af timburleifum og mold og plastlufsur. Mór var þar undir. Svo virðist sem þrífurinn hafi verið grafinn þvert á eldri, handgráfinn skurð, sem fyllst hafði af fjörusandi. Þar undir var mór og leir og grjót niður á 4 metra en ekki grafið lengra. Þar norðan við, sömu megin við Vesturgötu, á lóð sem BP hafði haft til umráða stóð lengi tankur þeirra (frá c. 1950 til c. 1980). Á þeirri lóð er skemma (fengin úr Hvalfirði) sem var notuð undir mjöl (frá Heimaskaga) og stendur ögn á ská miðað Vesturgötu og húsin við hana.

Hola GR-24 var grafin í planið á milli gamla fiskverkunarhússins (1929) við Bjarnabryggju, þ.e. Fiskivers (síðar Haförninn) og skemmu Þráins Sigurðssonar, sem gerði út Sigurborgina. Þessi skurður liggur rétt vestan við þar sem braggahverfi stóð á hernámsárunum. Efst var grófur ofaníburi, þá ljós fjörusandur blandaður fjörugrjóti. Þá kemur þunnt moldarlag, og

undir því sandur blandaður rauðbrúnni mold, en, undir henni enn ljós fjörusandur og lítið fjörugrjót. Þar undir liggur mójardvegur og klöpp á c. 3m dýpi. Virðist sem gróður hafi verið á þessu svæði um tíma, en við rof hafi sandurinn tekið yfir, uns settur var ofaníburður.

Loks var grafinn skurður GR-26 á planinu bak við áðurnefnt rafverkstæði. Efst er aðborin mól, þar undir lítið hreyfð mold sem lá á þykkum mó og leir þar undir.

### Niðurlag

Jarðvegsathuganir COWI gáfu ágætt tækifæri til að bæta í þá mynd sem heimildir um fornleifar gefa af svæðinu. Niðurstöður eru einkum tvíþættar:

a) Jafnvel þótt lega skurða hafi verið valin utan bæjarstæða, og í þágu jarðtæknirannsóknar, er engu að síður athyglisvert að fornleifar eða forn mannvistarlög komu hvergi fram. Mögulega mætti túlka það sem svo að jarðvegskönnunin renni stoðum undir niðurstöðu fornleifaskráningar, þ.e.a.s. að ekki séu miklar líkur á að finnist áður óþekktar minjar utan þekktra minjastaða.

b) Jarðvegur á Breiðinni er furðu djúpur. Í flestum skurðum voru 3-4 metrar niður á klöppina. Auk sjóvarnargarða og landfyllingar með ströndinni er töluverður ofaníburður, bæði gróf mól og fín, sem og mold. Stendur landið því víða hærra nú, og hið náttúrulega yfirborð horfið sjónum. Það ber að hafa í huga ef ráðist verður í leit að minjum á Breiðinni. Ljóst er að miðsvæðið - sem ber nafn með rentu, þ.e.a.s. Mýrin - hefur löngum verið mjög blautt og ólíklegt að þar hafi risið mannvirki, nema landið hafi blotnað á seinni öldum vegna landsigs. Mór var nýttur sem eldsneyti um aldir og er óhætt að segja, í ljósi þessarar athugunar, að jarðir, bú og þurrabúðir á Niðurskaga hafi ekki einungis verið við góða lendingarstaði, heldur einnig notið þeirra landkosta sem mótekja var.